

ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM FRÁ HAKI AÐ LEIRUM

DEILISKIPULAG - TILLAGA 10. OKTÓBER 2024

GREINAGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA



BLÁSKÓGABYGGÐ
UNNIÐ FYRIR ÞINGVALLANEFND



ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

FRÁ HAKI AÐ LEIRUM

DEILISKIPULAG

Greinagerð og umhverfisskýrsla

Tillaga október 2024



Landslag ehf.
Skólavörðustíg 11
101 Reykjavík
Sími: 535-5300
landslag@landslag.is

UNNIÐ FYRIR ÞINGVALLANEFND



SAMÞYKKT DEILISKIPULAGS

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

Samþykktir.....	3	3.1.2 Verslunar- og þjónustusvæði.....	31
1. FORSENDUR.....	7	3.1.3 Opin svæði.....	31
1.1 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni.....	7	3.1.4 Óbyggð svæði.....	31
1.2 Skipulags- og matslýsing.....	9	3.1.5 Samgöngur.....	32
1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð.....	10	3.1.6 Hverfisvernd.....	32
1.4 Staðhættir.....	10	3.1.7 Vatnsvernd.....	33
1.4.1 Samgöngur.....	12	3.1.8 Fráveitumál.....	33
1.4.2 Friðlýst svæði.....	12	3.2 Breyting á aðalskipulagi.....	34
1.4.3 Vatnsvernd.....	12	3.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038.....	34
1.5 Minjar.....	13	3.3.1 Vernd umhverfis og náttúru.....	34
1.6 Húsakönnun.....	14	3.3.2 Velsæld samfélags.....	34
1.7 Gögn deiliskipulags.....	14	3.3.3 Samkeppnishæftatvinnulíf.....	34
1.8 Húsvernd.....	15	3.4 Deiliskipulag.....	36
1.9 Samráð.....	15	3.4.1 Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils.....	36
2. ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM.....	17	3.4.2 Valhallarplan og Þingplan.....	37
2.1 Stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038.....	20	4. DEILISKIPULAG.....	39
2.1.1 Landnotkun.....	21	4.1 Hakið.....	40
2.1.2 S1: Vestari barmur sigdældarinnar.....	22	4.1.1 Gestastofa og aðkomusvæði ofan Almannagjár.....	40
2.1.3 S2: Þinghelgin.....	23	4.1.2 Menningarhús.....	41
2.1.4 S3: Efri-Vellir.....	24	4.2 Ný þjónustumiðstöð við Þingvallaveg.....	42
2.1.5 S4: Fagrabrekka.....	25	4.3 Miðstöð við nýjan Kaldadalsveg.....	44
2.1.6 S5: Tjaldsvæði og miðstöð á Leirum.....	25	4.4 Valhallarplan.....	46
2.1.7 S6: Þingvallahraun.....	26	4.5 Þingplan og plan sunnan Furulundar.....	47
3. SKIPULAGSLEG STAÐA.....	29	4.6 Leirar og tjaldsvæði.....	48
3.1 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.....	29	4.7 Byggð við bakka Þingvallavatns.....	49
3.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði.....	29	4.8 Silfra.....	49
		4.9 Samgöngur.....	50
		4.9.1 Aðkoma akandi umferðar.....	50
		4.9.2 Rafstrætó.....	51

4.9.3 Bílastæði.....	52
4.9.4 Almenningsamgöngur.....	52
4.10 Gönguleiðir og áningarstaðir.....	54
4.10.1 Ný aðkomuleið frá nýrri þjónustumiðstöð niður í þinghelgina.....	57
4.10.2 Trjátoppastígur í gegnum Furulund.....	57
4.10.3 Aðrir stígar.....	58
4.10.4 Aðgengi fyrir alla.....	58
4.11 Gróður.....	59
4.12 Lóðir.....	59
4.13 Byggingarreitir.....	59
4.14 Veitur.....	60
4.14.1 Neysluvatn.....	60
4.14.2 Hitaveita.....	62
4.14.3 Rafmagn.....	62
4.14.4 Fráveita.....	62
4.15 Lýsing.....	64
4.16 Varðveisla minja.....	64
4.17 Jarðskjálftar.....	65
4.18 Áfangaskipting.....	65
5. ALMENNIR SKILMÁLAR	66
5.1 Almenn.....	66
5.2 Breytingar á húsum, viðbyggingar og endurbyggingar.....	66
5.3 Hönnun og uppdrættir.....	66
5.4 Mæliblöd.....	67
5.5 Byggingarefni.....	67
5.6 Byggingarlist.....	67
5.7 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	67
5.8 Frágangur lóða.....	67

5.9 Yfirborðsfrágangur.....	67
5.10 Húsavernd og hverfisvernd.....	67
6. SÉRÁKVÆÐI	69
6.1 Almenn.....	69
6.2 A - Ný þjónustumiðstöð við Þingvallaveg.....	69
6.3 B - Ný miðstöð við ný gatnamót Þingvallavegar og Kaldadalsveg.....	70
6.4 C - Menningarhús við Hakið.....	70
6.5 D - Salernisbyggingar.....	71
6.6 E - Aðstöðuhús við Silfru.....	71
6.7 F - Aðstöðuhús við Leirar.....	71
6.8 G - Valhallastígur nyrðri 8.....	71
7. UMHVERFISMAT	73
7.1 Aðferðarfræði.....	73
7.2 Áhrifaþættir.....	74
7.3 Valkostir.....	74
7.4 Umhverfisþættir.....	75
7.5 Umhverfisviðmið.....	75
7.6 Greining umhverfisáhrifa.....	76
7.7 Áhrifamat.....	76
7.7.1 Ný þjónustumiðstöð þjóðgarðsins og aðgengi frá henni að þinghelginni..	76
7.7.2 Aðrar framkvæmdri skv. deiliskipulagi.....	82
7.7.3 Samantekt og niðurstaða.....	88
7.8 Tengsl við aðrar áætlanir.....	89
7.8.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	89
7.8.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.....	89
7.8.3 Stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038.....	89



Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags fyrir vesturhluta þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem nær yfir megináðkomusvæði ferðamanna, þinghelgina og tilheyrandi þjónustusvæði frá Haki að Leirum (sjá nánari afmörkun í kafla 1.3). F.h. Landslags koma að verkinu Þráinn Hauksson landslagsarkitekt FÍLA og Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ. Sveitarfélagið Bláskógabyggð er skipulagsyfirvald á svæðinu. Engar framkvæmdir eru þó leyfðar á áhrifasvæði þjóðgarðsins án samþykkis Þingvallanefndar sbr. 9. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð nr. 848/2005:

Samþykki Þingvallanefndar skv. 5. gr. laga nr. 47/2004.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins nema með skriflegu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsbygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda.

1. FORSENDUR

1.1 AÐDRAGANDI, FORSENDUR OG VIÐFANGSEFNI

Yfir 2 milljónir ferðamanna hafa komið til Íslands undanfarin ár og skv. talningum koma 70-75% þeirra til Þingvalla eða um 1,5 milljón manns. Skv. Jafnvægisás ferðamála er gert ráð fyrir 2-5% árlegri fjölgun ferðamanna til ársins 2030 og ef við gerum ráð fyrir að 70-75% þeirra komi til Þingvalla koma um 2-3 milljónum ferðamanna til Þingvalla árið 2030¹.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum frá Alþingi 1928 þar sem segir m.a. „Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“.

Þingvallanefnd fer með yfirstjórn Þingvallabjóðgarðs en nefndin er stjórnáslunefnd og heyrir undir umhverfisráðuneytið. Á fundi sínum þann 27. janúar 2015 samþykkti Þingvallanefnd að hefja gerð deiliskipulags í þinghelginni með eftirfarandi bókun:

Staðarval og skipulag vegna veitinga- og móttökuhúss og samkomuaðstöðu þings og þjóðar.

...Samþykkt að hefja gerð deiliskipulags í þinghelginni og nágrenni sem nái frá Haki og inn fyrir Leirar í átt til Skógarhóla. Fyrst verði gert deiliskipulag fyrir Hakið og næsta nágrenni m.a. til að stækka byggingarreit við gestastofuna vegna stækkunar hennar. Byrjað verði á að gera rammaskipulag fyrir aðra hluta skipulagssvæðisins þ.e. inn fyrir Leira og það síðan unnið frekar í deiliskipulag.

Þegar hefur verið unnið deiliskipulag fyrir Hakið og breyting á því deiliskipulagi vegna stækkunar gestastofunnar á Hakinu.

Á tíunda áratug síðustu aldar hófst markviss uppbygging aðstöðu og þjónustu sem óhætt er að segja að sé forsenda þess að

1) Spá þessi var gerð fyrir það bakslag sem ferðabjónustan hefur orðið fyrir árið 2020 vegna Covid-19.



Þjóðgarðurinn hafi getað tekið við ört vaxandi fjölda gesta undanfarin ár án þess að illa færi. Í þessari stefnu er lögð áhersla á frekari skipulagningu og vöktun til þess að nýta megi betur þá innviði og aðstöðu sem fyrir er og útvíkka þessa þætti án þess að meira sé gengið á náttúruna en þegar er orðið. Að auki er lögð áhersla á að gestir geti notið fræðslu um það einstaka samspil sögu og náttúru sem á Þingvöllum er að finna.

Gestir heimsækja Þjóðgarðinn einkum í tvennum tilgangi. Annars vegar til að kynna sér sögu- og menningarminjar í Þinghelginni og hins vegar til að stunda útivist og njóta náttúrufergurðar.

Gestastofa Þjóðgarðsins er á vesturbrún Almagnagjár, Hakinu, þar sem gengið er niður í Almagnagjá. Í gestastofunni er góð aðstaða til móttöku gesta Þjóðgarðsins, sýningarsalur þar sem margmiðlunartækni er m.a. notuð til að kynna menningarsögu og náttúrufar Þingvalla, fyrirlestrasalur og veitingaaðstaða og minjagripasala. Meirihluti gesta kemur til Þingvalla frá maí fram í september. Ferðamönnum til Þingvalla að vetralagi hefur fjölgað mikið frá 2014. Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna til Þingvalla er þörf á að bæta



aðstöðu ferðamanna á svæðinu. Forsendur hvað varðar fjölda gesta til Þingvalla og aðstöðu sem móttaka þeirra krefst hefur gerbreyst undanfarin ár og m.a. vegna þess er nú talin þörf á að skipuleggja nánar þau svæði Þjóðgarðsins sem hvað mest álag er á.

Unnin hefur verið stefna Þingvallanefndar um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038. Stefnumörkunin er höfð að leiðarljósi í vinnu við deiliskipulag þar sem unnið verður nánari útfærsla á stefnumörkuninni (sjá nánari upplýsingar um stefnumörkun í kafla 4.1). Skv. stefnumörkuninni er mikilvægt að vernda náttúru, söguvið og minjar í Þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta. Höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í Þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbærri ástandi.



1.2 SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, deiliskipulags í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana vegna liðar 12.03 í 1. viðauka laganna.

12. Ferðapjónusta og afþreying.

12.03. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis. (B-framkvæmd)

Gestastofan á Hakinu flokkast sem þjónustumiðstöð í Þjóðgarðinum Þingvöllum. Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 2009, um matsskyldu varðandi stækkun á gestastofunni við Hakið, var sú framkvæmd ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Vegna þess er þörf á að gera matslýsingu vegna deiliskipulags. Í stað




þess að vinna tvær lýsingar vegna deiliskipulags voru þær sameinaðar í eina lýsingu í samræmi við gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulags- og matslýsing vegna vinnu við deiliskipulag var samþykkt til kynningar á fundi skipulagsnefndar Uppsveita 8. maí 2019 og á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 9. maí 2019. Skipulags- og matslýsingin var auglýst frá 24. júlí – 14. ágúst 2019. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni. Tekið var tillit til umsagna í vinnu við gerð deiliskipulags.

Á Þingvöllum er mikið af minjum um mannlíf tengdu þinghaldinu en alls eru á svæðinu minjar a.m.k. 50 búða og annarra mannvirkja þeirra er sóttu Alþingi.

Samhliða vinnu við deiliskipulag var unnin fornleifaskráning fyrir Þingvelli sem var höfð til grundvallar í vinnu við deiliskipulag.



Afmörkun skipulagssvæðisins og staðhættir.

1.3 AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐISINS OG STÆRÐ

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast í vestri af Pingvallavegi að Öxará, upp með Öxará og þaðan að Hvannagjá. Í norðri nær skipulagssvæðið út fyrir þjónustumiðstöðuna að Leirum og nánasta umhverfi. Í austri liggja mörkin í misgengi eða gjánum Sandhólagjá og Háugjá en í suðri liggja mörkin við Pingvallavatn og suður fyrir Kárastaðastíg. Skipulagssvæðið er alls 4,2 km² að flatarmáli.

1.4 STAÐHÆTTIR

Þjóðgarðurinn á Pingvöllum er í sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Pingvallavegur (nr. 36) er aðaltenging þjóðgarðsins við höfuðborgarsvæðið og nærsveitir og um hann koma nær allir gestir. Þá tengist þjóðgarðinum vegur 550 um Uxahryggi og Kaldadal. Þessir vegir mætast við þjónustumiðstöðina á Leirum. Umhverfis þingstaðinn eru fjögur megin bílastæði þar sem hægt er að leggja bifreiðum og ganga inn á svæðið.


Svæðið ofan og vestan Hestagjár og Almannaagjár er á samfelldu hraunsvæði sem heitir Kerlingahraun með djúpum sprungum, næst gjárbarminum. Þegar fjær dregur brúninni er yfirborðið samfelldara og grónara, smáhæðótt með grasi, lyng- og kjarrgróðri í lautum og böllum. Gestastofa og verslun þjóðgarðsins er á vesturbrún Almannaagjár, Hakinu, þar sem gengið er niður í Almannaagjá. Í gestastofunni er margmiðlunartækni notuð til að kynna menningarsögu og náttúrufar Pingvalla.

Þinghelgin liggur neðan og austan Almannagjár og er um 5 hektarar að stærð. Þinghelgin er talin hafa afmarkast af Köstulum, tveimur hraunhólum nyrst á Neðri-Völlum til norðurs, Þingvallavatni til suðurs, hærri vegg Almannagjár til vesturs og Flosagjá og gjánum þar suður af til austurs. Langstærstur hluti ferðamanna á Þingvöllum fer um þinghelgina og þingstaðinn og því er þar mestur ágangur ferðamanna og stígar að sama skapi breiðastir og best afmarkaðir.

Á Leirum, á mótum þjóðvega 36 og 550, er þjónustumiðstöð þjóðgarðsins. Þar er rekin upplýsingaþjónusta, minjagripaverslun og veitingastaður á vegum þjóðgarðsins. Þar í kring eru nokkur tjaldsvæði. Tjaldsvæði er við þjónustumiðstöðina þar sem góð aðstaða er til að taka á móti húsbílum, tjaldvögnum. Fyrir aftan þjónustumiðstöðina er starfsmannahús þjóðgarðsins.

Syðst á skipulagssvæðinu vestan Öxarár niður undir ós eru þrjú frístundahús sem eru innan skipulagssvæðisins.

Skipulagssvæðið er alls 4,2 km² að flatarmáli.



Helstu kennileiti og núverandi bílastæði umhverfis þingstaðinn.



1.3.1 Samgöngur

Þingvallavegur (nr. 36) liggur meðfram skipulagssvæðinu vestanverðu og frá honum liggur Kárastaðastígur að gestastofunni á Hakinu. Við þjónustumiðstöðina að Leirum liggur Kaldadalsvegur til norðurs og til suðurs liggur Vallavegur sem er aðkomuvegur að þinghelginni austan Almannagjár. Út frá Vallavegi liggur Efrivallavegur á milli Almannagjár og Flosagjár að Þingvallakirkju en við veginn eru bílastæði á nokkrum stöðum. Frá Vallavegi liggur Valhallavegur að Valhallaplani norðan Þingvallavatns.

Fjölbreyttar gönguleiðir liggja um þjóðgarðinn með upphafsstaði við gestamiðstöðina á Hakinu og við bílastæði í þinghelginni.

1.3.2 Friðlýst svæði

Þjóðgarðurinn Þingvellir er friðlýstur skv. lögum nr. 47/2004. Svæðið er í umsjá Þingvallanefndar sem starfar undir Alþingi. Sjá nánar í kafla 3.

1.3.3 Vatnsvernd

Um vatnsvernd innan þjóðgarðsins gilda ákvæði laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006.

Tilgangur laganna og reglugerðarinnar er að vernda lífríki vatnsins og vatnasvið þess en innan verndarsvæðis vatnsins er m.a. óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.

1.5 MINJAR

Skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal fara fram skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum áður en deiliskipulag er afgreitt og framkvæmdaleyfi veitt.

Samhliða vinnu við deiliskipulag var unnin fornleifaskráning fyrir Þingvelli sem var höfð til grundvallar í vinnu við deiliskipulag .

Skv. niðurstöðu fornleifaskráningar voru 347 minjar skráðar innan skipulagssvæðisins og þar kemur fram að saga Þingvalla hefur gríðarlegt menningargildi og er fornleifaskráningin samantekt á þeim fornleifaskráningum sem hafa átt sér stað á margra ára tímabili.

Langflestar minjarnar voru skráðar innan Þingvalla og Þinghelgarnar eða 202 talsins. Stærsti minjaflokkurinn voru búðir en þær voru alls 91, næst komu óþekktar fornminjar sem voru 84, og þar á eftir kennimörk sem voru samtals 53. Töluvert færri minjar voru í öðrum minjaflokkum.

168 minjar sem voru skráðar eru friðlýstar og hafa friðlýstar fornleifar 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifaskráning innan Þjóðgarðsins er mikilvæg en með henni fæst heildstæði sýn á minjar sem eru innan Þjóðgarðsins. Þar að auki er fornleifaskráning forsenda allra rannsókna í framtíðinni, skráningin gæti í raun talist sem frumrannsókn, og er hún mikilvæg heimild til að vernda minjar á svæði þar sem gríðarlegt álag er vegna umferð ferðamanna.

Minjar hafa verið staðsettar í fornleifaskráningu og má sjá staðsetningu þeirra á skipulagsupprætti.

Fornleifaskráning þessi var höfð til grundvallar í vinnu við deiliskipulag og tekið er tillit til minjastaða í vinnu við deiliskipulag².

Í kafla 4.16, varðveisla minja, er fjallað um hvort og hvaða áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir skv. deiliskipulagi hafa á minjastaði þessa.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: *”Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”*

2) Margrét Hallmundsdóttir, Gunnar Grímsson, Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Atli Rúnarsson. 2023. Fornleifaskráning innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum vegna deiliskipulags. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 05-23.



1.6 HÚSAKÖNNUN

Húsakönnun var unnin fyrir skipulagssvæðið samhliða vinnu við deiliskipulag árið 2022³. Á svæðinu eru alls fjórtán hús. Þar á meðal Þingvallakirkja sem reist er úr timbri árið 1859, steinsteyptur Þingvallabær sem rís árið 1930, sumarhús úr timbri sem er byggt árið 1945 sunnan við Valhallarreitinn og þjónustumannvirki fyrir gesti Þingvalla, sem eru mismunandi að stærð og gerð og rísa á síðari hluta tuttugustu aldar og fyrstu áratugum tuttugustu og fyrstu aldar. Tvö hús á svæðinu eru friðlýst en það eru Þingvallakirkja og Þingvallabær. Nánar er fjallað um hús innan skipulagssvæðisins í húsakönnu. Skilmála um varðveislumat má sjá í kafla 5.10 í greinargerð þessari.

1.7 GÖGN DEILISKIPULAGS

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- *Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingar skilmálum ásamt umhverfisskýrslu*
- *Yfirlitsuppráttur fyrir allt skipulagssvæðið í mælikvarða 1:7000 í A1*
- *Þrjár deiliskipulagsupprættir af skipulagssvæðinu í mælikvarða 1:3000 í A1*
- *Skýringarupprættir og þrívíddarupprættir í greinargerð*

3) Anna María Bogadóttir. 2023. Húsakönnun. Leirar, Þingvallakirkja, Þingvallabær, Valhallarreit, Hak. Úrbanistan.

1.8 HÚSAVERND

Tvö hús innan skipulagssvæðisins er friðlýst skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er þau eftirfarandi:

ÞINGVALLABÆRINN

Byggingarár: 1929-1930

Hönnuður: Guðjón Samúelsson

Byggingarefni: Steinsteypa

Friðlýstur af forsætisráðherra að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands 10. nóvember 2014 með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til ytra borðs bæjarin.

ÞINGVALLAKIRKJA

Byggingarár: 1859

Hönnuður: Eyjólfur Þorvarðsson forsmiður frá Bakka

Breytingar: Turni breytt 1907. Hönnuður: Rögnvaldur Ólafsson, arkitekt

Byggingarefni: Timbur

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Breytingar á friðlýstum húsum þarf að vinna í samvinnu við Minjastofnun Íslands en einnig er áskilið að Húsafríðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum skv. 9. gr. laga um menningarminjar.

1.9 SAMRÁÐ

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- SKIPULAGSSTOFNUN
 - » Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.
 - » Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 áætlana nr. 105/2006.
- UMHVERFISSTOFNUN
 - » Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana. Samráð m.a. vegna skipulags á svæðum sem falla undir lög um náttúruvernd og mengunarmál.
- MINJASTOFNUN ÍSLANDS
- HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS
- VEGAGERÐIN
- VIÐEIGANDI NEFNDIR OG DEILDIR BLÁSKÓGABYGGÐAR




2. ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum varð til þegar svæðið var friðlýst með sérstökum lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 7. maí 1928. Í lögnum sagði að Þingvellir við Öxará og nágrenni þeirra skuli frá ársbyrjun 1930 vera “friðlýstur helgistaður allra Íslendinga”. Hið friðhelga land markaðist upphaflega af Almannagjá í vestri og Hlíðargjá og Hrafnagjá í austri, en í suðri var miðað við línu frá hæstu brún Arnarfells beina stefnu á Kárastaði og í norðri frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.

Með nýjum lögum 47/2004 stækkaði þjóðgarðurinn og eru mörk þjóðgarðsins í dag skilgreind í 1. grein laganna:

Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum og hins friðhelga lands skulu vera: Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga, vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnassýslu og Kjósarsýslu á Há-Kili. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs til upptaka Öxarár við Myrkavatn og í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.




Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þingvellir voru settir á heimsminjaskrá UNESCO árið 2004 sem svæði með einstætt menningarlandslag. Það er gert á grundvelli eftirfarandi:

- Alþingi á Þingvöllum geymir sögu um þinghald á mörkum ár- og hámiðalda sem varpar ljósi á hugmyndir manna á víkingaöld um skipan þjóðfélagsins, lög og vald, þar sem á Íslandi fylgdist að mótun nýs þjóðfélags og blómleg ritmenning. Þessar hugmyndir hafa verið sameiginleg arfleifð germanskra þjóða og átt drjúgan þátt í að móta stjórnskipan margra Evrópuþjóða allt til þessa dags. Minjasvæðið á Þingvöllum er einstakt því þar má finna í jörðu þingminjar allt frá upphafi Alþingis. Þetta eru einu þingminjar sem sýna heildarskipulag þingsvæðis frá þessum tíma og þar sem enn mótar svo skýrt fyrir stórum hluta þingbúða á yfirborði.
- Á Þingvöllum myndar sérstæð náttúra og einstök jarðfræði á flekaskilum umgjörð einstakrar sögu; svið sem er óbreytt frá þeim tíma þegar Alþingi var stofnað. Þingvellir hafa á afgerandi hátt tengst miklum lærdóms-, lista- og menningarverkum og gegnt lykilhlutverki við sköpun íslensku þjóðarinnar.

Stærð þjóðgarðsins er um 228km²





2.1 STEFNUMÖRKUN ÞJÓÐGARÐSINS Á ÞINGVÖLLUM 2018-2038

Stefna Þingvallanefndar 2018-2038 um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum var samþykkt í desember 2018. Fyrri stefnumörkun með gildistíma 2004-2024 var uppfærð, einkum með hliðsjón af gerbreyttum forsendum um fjölda gesta og aðstöðu sem móttaka þeirra krefst. Sem fyrr er mikilvægast það markmið að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta.

Á tíunda áratug síðustu aldar hófst markviss uppbygging aðstöðu og þjónustu sem óhætt er að segja að sé forsenda þess að þjóðgarðurinn hafi getað tekið við ört vaxandi fjölda gesta undanfarin ár án þess að illa færi. Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á frekari skipulagningu og vöktun til þess að nýta megi betur þá innviði og aðstöðu sem fyrir er og útvíkka þessa þætti án þess að meira sé gengið á náttúruna en þegar er orðið. Að auki er lögð áhersla á að gestir geti notið fræðslu um það einstaka samspil sögu og náttúru sem á Þingvöllum er að finna.

Í stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038 eru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sérstakt gildi sem er órjúfanlega bundið því að sérstakir staðir innan þjóðgarðsins haldi náttúrulegum sérkennum sínum að hluta vegna náttúrunnar sjálftrar og að hluta vegna mikilvægra atburða sem gerðust á sögusviði Þingvalla og jörðin geymir minjar um.
- Með stjórnslu sinni leitast yfirvöld þjóðgarðsins við að vernda þetta sérstaka gildi svo það rýrist ekki þótt margir njóti. Samfélagi nútíðar og framtíðar er mest gagn af þjóðgarðinum þegar hæfilegri málamiðlun verndunar og afnota er náð. Hlutverk verndunar er að tryggja möguleika á jafngildum afnotum til framtíðar.
- Meginreglan í stjórnslu garðsins er að náttúrunni verði ekki raskað frekar en orðið er nema hið sérstaka gildi rýrist óverulega og það stuðli að afnotum sem tengjast sérkennum þjóðgarðsins. Þegar áhrif ákvarðana stjórnslunnar, sem snerta jafnvægi verndunar og afnota eru óljós, hefur verndunin forgang.
- Í þjónustu sinni við gesti leggur þjóðgarðurinn áherslu á útivist og fræðslu um náttúru, sögu og minjar sem einkenna þjóðgarðinn umfram aðra staði.
- Öll mannvirki, umbúnaður og stjórnun í þjóðgarðinum skulu bera vott um virðingu fyrir hinu sérstaka gildi.

2.1.1 Landnotkun

Í framtíðarsýn varðandi landnotkun innan þjóðgarðsins segir eftirfarandi:

Landnotkun og skipulag á Þingvöllum miðar að því að vernda ásýnd, menningarlandslag og vistkerfi svæðisins en stuðlar jafnframt að ánægjulegri dvöl þeirra sem heimsækja þjóðgarðinn. Höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbærni ástandi. Í skipulagsáætlunum er landi þjóðgarðsins skipt í svæði sem hvert um sig hefur skýrar útlínur og skilmála um umfang og ásýnd mannvirkja. Jafnframt er tiltekin gerð og umfang þeirrar starfsemi sem leyfð er á hverju svæði ásamt kröfum sem starfsemin þarf að uppfylla um sjálfbærni og umhverfisvernd.

Hér á eftir er svæðum innan skipulagssvæðisins lýst og getið í stuttu máli um núverandi ástand, mörk ásættanlegra breytinga og stefnu fyrir hvert þeirra. Á myndum á næstu blaðsíðu má annarsvegar sjá reitaskiptingu og hinsvegar mannvirkjasvæði þjóðgarðsins á Þingvöllum skv. stefnumörkun 2018-2038, í næstu undirköflum er vísað í númer svæða á uppdráttum.



Mannvirkjasvæði þjóðgarðsins á Þingvöllum skv. stefnumörkun 2018-2038 (Alta).

2.1.2 S1: Vestari barmur sigdældarinnar

(Að stórum hluta innan skipulagssvæðisins)

Af vestari barmi sigdældarinnar er gott útsýni yfir kjarnasvæði þjóðgarðsins og aðgengi að því eftir leiðum um Almannagjá og Stekkjargjá. Svæðið er hraunbreiða, aðallega gróin mosa. Þjóðvegur 36 liggur eftir svæðinu endilöngu og af honum er afleggjari að mannvirkjasvæðinu á Hakinu (A1). Stefnu um að halda mannvirkjagerð innan sigdældarinnar í lágmarki má framfylgja m.a. með því að beina mannvirkjagerðinni á þetta svæði enda er það miklu síður viðkvæmt með hliðsjón af náttúrufari og menningarminjum. Lágrest mannvirki á þessu svæði eru ekki sýnileg frá kjarnasvæði í sigdældinni.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Helstu aðkomuleiðir að vesturhluta sigdældarinnar verði um mannvirkjasvæði innan þessa reits. Gert er ráð fyrir mannvirkjasvæðum á Hakinu (A1), við Langastíg (A2) og við gatnamót nýs Kaldadalsvegjar (A3) og að þau þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum. Mögulega verður mannvirkjasvæði A3 á sama stað og A2 og því eitt og sama mannvirkjasvæðið. Gert er ráð fyrir göngubrautartengingu um afgangi niður í Stekkjargjá frá nýju mannvirkjasvæði við Langastíg.

Mörk ásættanlegra breytinga


- Mannvirki skulu vera lítt eða ekki sýnileg frá Þinghelginni og falli vel að umhverfinu.
- Utan mannvirkjasvæða skal vernda hraunmyndanir og gróður fyrir ágangi og viðhalda náttúrulegu ástandi og ásýnd.

2.1.3 S2: Þinghelgin

Þinghelgin er vettvangur hins forna Alþingis og þar er þungamiðja þeirrar hliðar þjóðgarðsins sem snýr að menningarsögunni. Innan þinghelgarinnar er mikið af fornminjum í jörðu og sést þar móta fyrir búðum þingmanna frá síðustu öldum Alþingis á Þingvöllum. Innan þinghelgarinnar eru tvær byggingar: Þingvallakirkja, og Þingvallabærinn. Þingvallabær er notaður sem aðstaða fyrir presta til undirbúnings messuhalds í Þingvallakirkju, fyrir þjóðgarðsvörð og þar er jafnframt opinber bústaður forsætisráðherra á Þingvöllum og aðstaða fyrir embættið til að taka á móti gestum. Land í þinghelginni sígur jafnt og þétt auk þess sem hætta er á hröðu sigi í jarðhræringum eins og sagan hefur kennt.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Þinghelgin hafi yfirbragð kyrrðar og virðingar fyrir sögu og sérstæðri náttúru.
- Mikilvægt er að umferð gesta valdi ekki spjöllum á náttúru eða minjum og að fyllsta öryggis sé gætt. Göngustígakerfi miðist við að mestur fjöldinn fari vel skilgreindar og merktar meginleiðir sem gerðar eru til að þola mikið álag en að aðrar leiðir standi jafnframt til boða, sjá kafla um samgöngur.
- Umferð og viðdvöl bíla um þinghelgina takmarkist við sérstakar þarfir hreyfihamlaðra, þjóðgarðsvörslu og rekstrar nema sérstakir atburðir eða samkomur gefi tilefni til annars.
- Tvö mannvirkjasvæði eru innan þinghelgarinnar, þ.e. útisvið (B1) og Þingvallabær, kirkja og grafreitir (B2).



Reitaskipting hluta þjóðgarðsins á Þingvöllum skv. stefnumörkun 2018-2038.

S1: VESTARI BARMUR SIGDÆLDARINNAR
S2: ÞINGHELGIN
S3: EFRI-VELLIR

S4: FAGRABREKKA
S5: TJALDSVÆÐI OG MIÐSTÖÐ Á LEIRUM
S6: ÞINGVALLAHRAUN



Mörk ásættanlegra breytinga

- Í þinghelginni felst sérstaðan annars vegar í sögu og fornminjum og hins vegar í þeim jarðmyndunum sem mynda umgjörð sögunnar. Ásættanlegar breytingar takmarkast því fyrst og fremst af verndun fornminjanna og af virðingu sem þeim ber að sýna. Jafnframt þarf að viðhalda hinu náttúrulega umhverfi í jarðmyndunum og gróðri, sem sýnilegri umgjörð sögunnar, án þess að athyglin dragist að óskyldum mannvirkjum.

2.1.4 S3: Efri-Vellir

Innan svæðisins eru grasflatir sem sléttaðar voru fyrir hátíðahöld 1930 og 1944 og hafa verið notaðar síðar í sama tilgangi. Grasið er slegið og nýttist sem leikvöllur. Hátíðagestir hafa setið í Fangbrekku og fylgst með dagskrá á færanlegu sviði.

Engin mannvirki eru á svæðinu önnur en vegir og stígar og engin önnur grunnkerfi. Við hátíðahöld hefur þurft að leggja þangað bráðabirgðalagnir fyrir vatn og rafmagn.

Öxará hefur flæmst yfir svæðið að vetrarlagi þegar krapastíflur myndast í gjánni.

Furulundurinn er eitt helsta kennileiti á svæðinu en hann er afsprengr fyrstu gróðursetningar á Íslandi, árið 1899, þó ekkert tré í lundinum sé frá þeim tíma.

Syðst á svæðinu er bílastæði og sunnan við stæðið eru Kastalar, hraunhólar sem afmarka Þinghelgina að norðanverðu.

Lítill hluti svæðisins er ósnertur.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Afleggjari Vallarvegur að Þingplani verði lokaður almennri umferð í námunda við nyrðri mörk furulundarins en þar verði aðstaða fyrir langferðabíla til að taka upp eða setja út farþega og snúa við en ekki til að bíða eftir þeim. Þar verði einnig takmarkaður fjöldi gjaldskyldra bílastæða fyrir einkabíla.
- Gert er ráð fyrir ofangreindri aðstöðu fyrir bíla á mannvirkjasvæði B4 og að þar geti Alþingi haft aðstöðu, s.s. til fundarhalda. Mannvirki þurfa að falla mjög vel að náttúru staðarins og vera sem minnst áberandi.
- Efri-Vellir verði áfram vettvangur hátíðarhalda og búið í haginn fyrir slíka viðburði, þó þannig að jarðrask sé í lágmarki.
- Stígar veiti greiða leið að mannvirkjasvæði við Langastíg (A2). Til þess þarf hugsanlega að jafna yfirborð og koma fyrir pöllum vegna hæðarmunar, eða breyta legu leiðarinnar. Vallavegur sunnan mannvirkjasvæðis B4 nýtist einkum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Mörk ásættanlegra breytinga:

- Engin varanleg mannvirki verði á svæðinu önnur en stígar, með nauðsynlegum pöllum, og þegar lagðir vegir auk byggingar á vegum Alþingis. Við hönnun hússins þarf að leggja mikla áherslu á að það falli sem best að umhverfinu.

2.1.5 S4: Fagrabrekka

Fagrabrekka er að mestu ósnert svæði sem skilur milli tjaldsvæða þar norður af (S5) og Efri-Valla/Þinghelgar (S3 og S2). Svæðið liggur vel við sólu og þar vex fjölbreyttur móa- og holtagróður.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Svæðið verði óbreytt að öðru leyti en því að búið verði í haginn fyrir gangandi og hjólandi umferð, t.d. með stíg meðfram Vallavegi.
- Barrtré innan svæðisins verði fjarlægð.

Mörk ásættanlegra breytinga:

- Engar breytingar verði aðrar en þær sem miða að bættum göngu- og hjólaleiðum.

2.1.6 S5: Tjaldsvæði og miðstöð á Leirum

Á þessu svæði jafnast hæðarmunur milli sigdældar og vesturbarms hennar út og þjóðvegurinn beygir af barminum til austurs yfir sigdældina. Á Leirum (mannvirkjasvæði A4) er nú þjónustumiðstöð fyrir ferðafólk og aðstaða fyrir starfsfólk þjóðgarðsins.

Aðaltjaldsvæði þjóðgarðsins eru á svæðinu, beggja vegna þjóðvegur 36. Vallavegur liggur frá mannvirkjasvæðinu niður að þinghelginni og vatnsbakkanum. Til norðurs liggur Kaldadalsvegur (550) en fram hafa komið áform um færslu hans til vesturs.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Á svæðinu verði áfram aðaltjaldsvæði og aðstaða fyrir ferðavagna með tilheyrandi þjónustu. Söluskáli og veitingaaðstaða fyrir ferðafólk færist yfir á mannvirkjasvæði A2 eins og nánar er lýst í kafla um mannvirkjasvæði. Eftir standi miðstöð fyrir eigin starfsemi þjóðgarðsins og upplýsingagjöf fyrir gesti.

Mörk ásættanlegra breytinga:

- Allt svæðið getur verið manngert en í stíl og frágangi þannig hagað að það skeri sig sem minnst úr umhverfinu. Áhersla á varanleg og viðhaldsfrí byggingarefni sem halda vel útliti sínu þrátt fyrir ágang og veðrun.

2.1.7 S6: Þingvallahraun

(Að litlum hluta innan skipulagssvæðisins)

Þingvallahraun er vaxið lággróðri og birkikjarri en barrtrjám hefur verið plantað á nokkur svæði. Í hrauninu mynda eyðibýlin Hrauntún og Skógarkot miðpunkta gönguleiða sem eru gamlar þjóð- og alfaraleiðir og því fornleifar á sinn hátt. Engir nýir stígar hafa verið lagðir á þessu svæði en hluti stíganna hefur verið endurbættur með

ofaníbúrdi meðan aðrir eru einfaldir troðningar. Gert er ráð fyrir hestaumferð á hluta stíganna.

Þjóðvegur 36 liggur gegnum hraunið og Vallaveguraðvatnsbakkanum. Gert er ráð fyrir að umferð um Vallaveg innan Þingvallahrauns takmarkist við umferð fólksbíla og að tengingu við veg 36 vestan Gjábakka verði lokað til að koma í veg fyrir gegnumakstur. Vallavegur þjóni þannig einkum veiðimönnum við vatnsbakkann og þeim sem vilja njóta náttúrunnar þar.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

- Engin teljandi mannvirki verða á svæðinu önnur en stígar sem falla vel að umhverfinu fyrir fólk sem vill ganga um hraunið og njóta umhverfisins eða vitja eyðibýlanna.
- Barrskógar verði grisjaðir og þeim haldið í skefjum þannig að náttúrulegur gróður svæðisins fái notið sín. Barrtré í reit austan Skógarkots verði felld. Birkikjarrið verði skoðað sérstaklega og kannað hvort ástæða er til að örva útbreiðslu þess. Slíkt verði bundið við það kvæmi sem fyrir er.
- Menningarminjar verða kynntar og gerðar sýnilegar í samstarfi við Minjastofnun.

- Gengið verði frá góðum bílastæðum og greiðum aðgangi frá vegi að vatnsbakka.
- Tjaldstæði í Vatnskoti verði takmarkað við létt tjöld og lokað allri umferð vélknúinna ökutækja enda er gróður þar mjög viðkvæmur og lætur fljótt á sjá. Þar eru líka miklar og viðkvæmar menningarminjar. Í Vatnskoti verði fræðsla um menningarminjar og nýtingu vatnsins og þaðan verði aðgangur fyrir fatlaða að vatnsbakknum.
- Huga þarf sérstaklega að Vellankötlum þar sem vatnsstreymi undan hrauninu er sýnilegt og gefur tilefni til fræðslu um grunnvatn í þjóðgarðinum.

Mörk ásættanlegra breytinga:

- Heildarásýnd svæðisins skal ekki breytast að neinu marki og umferð skal stýrt þannig að landið beri ekki merki óskipulegs ágangs. Hluti stíganna skal halda sér í óbreyttri mynd sem einfaldir troðningar. Barrskógur nái ekki frekari útbreiðslu.
- Á vatnsbakknum skal vernda samspil vatns, hrauns og gróðurs án mannvirkja annarra en þeirra sem nauðsynleg eru til að veita hæfilegan aðgang veiðimanna og annars útivistarfólks.





3. SKIPULAGSLEG STAÐA

3.1 AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Í gildi er Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar skipulagssvæðið. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

3.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði


Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði innan skipulagssvæðisins:

AF2: Þingvellir

- Tjaldstæði við þjónustumiðstöðina og sunnan Þingvallavegar. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er allt að 55 ha.

AF3: Þingvellir

- Stígar í og við Almagnagjá og næsta nágrenni hennar. Einnig stígur að Þingvallakirkju og Peningagjá ásamt bílastæðum. Aðkoma að Silfru og bílastæði. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu stíga og almennt að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn. Stærð svæðis er um 118 ha.



Hluti Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, Þingvallasveit. Rauður rammi sýnir staðsetningu á því svæði sem deiliskipulag nær til (ónákvæmt).



Meðal markmiða fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði er eftirfarandi:

- Settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Meðal leiða að markmiðunum eru eftirfarandi:

- Þyrluumferð og annað yfirflug s.s. „drónar“, trufla sem minnst aðra ferðamenn og dregið verði úr hættu vegna flugumferðar almennt.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.
- Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngu- stíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi gesta, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.

3.1.2 Verslunar- og þjónustusvæði

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem svæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði:

VP1: Þingvellir þjónustumiðstöð við tjaldsvæði

- Á svæðinu er þjónustumiðstöð og tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir að meginhluti þjónustumiðstöðvarinnar færist á nýtt svæði fyrir ofan Snókagjá. Áfram verður aðstaða fyrir starfsmenn þjóðgarðsins og e.t.v. minniháttar þjónusta við ferðamenn þar sem núverandi miðstöð er ásamt tjaldsvæði. Stærð svæðis er allt að 5 ha.

VP2: Snókagjá (Langistígur) á Þingvöllum

- Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð með upplýsingum og veitingasölu, einnig aðstaða fyrir þá sem selja ferðir á Þingvallasvæðinu s.s. köfunarferðir. Stærð svæðis er allt að 16 ha.

VP3: Hakið á Þingvöllum

- Á svæðinu er þjónustumiðstöð, gert er ráð fyrir að þar byggist upp öflugri þjónusta og veitingaaðstaða ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk. Einnig verða bílastæði stækkuð. Útsýnispallur á Hakinu. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er allt að 14 ha.

Meðal markmiða fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði er eftirfarandi:

- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.

- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi gesta ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.

Meðal leiða að markmiðunum eru eftirfarandi:

- Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Með umsókn um ný verslunar- og þjónustusvæði skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða í dreifbýli.

3.1.3 Opin svæði

Lítill hluti skipulagssvæðisins er í aðalskipulagi skilgreindur sem opið svæði:

OP2: Þingvellir

- Útivistarsvæði á Þingvöllum og nágrenni. Lögð er áhersla á útivist á merktum göngustígum og reiðstígum og góðar merkingar leiða almennt.

3.1.4 Óbyggð svæði

Svæðið á milli Þingvallavegar og Almannagjár er í aðalskipulagi að mestu skilgreint sem óbyggð svæði en slík svæði skulu að mestu vera án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttar-notum, öryggismálum og fjarskiptum.

3.1.5 Samgöngur

Eftirfarandi vegir eru innan skipulagssvæðisins:

Stofnvegir

- Þingvallavegur (36)
 - » Liggur milli Biskupstungnabrautar, austan Þrastarlundar, á Þingvelli, yfir Mosfellsheiði á hringveg við Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum þar sem hann liggur gegnum Þingvallapjóðgarð.
- Kaldadalsvegur (550)
 - » Liggur milli Þingvalla og Reykholtsdals í Borgarfirði. Búið er að leggja slitlag á veginn frá Þingvöllum norður að Uxahryggjavegi. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að byggja upp þann hluta vegarins sem eftir er, á samsvarandi hátt. Vegurinn verður færður vestar á kaflanum frá Skógarhólum að Þingvalla-vegi og tenging hans við Þingvallaveg verður færð vestur fyrir Hvannagjá.

Tengivegir

- Vallavegur (361)
 - » Liggur frá Þingvallavegi við Hallstíg að Þingvallavegi við Þjónustumiðstöð.
- Efrivallavegur (362)
 - » Liggur frá Vallavegi að vegamótum að Þingvallabæ.
- Valhallarvegur (363)
 - » Liggur frá Vallavegi að Valhöll.
- Haksvegur (3834)
 - » Liggur af Þingvallavegi að Þjónustubýggingum á Hakinu.

Innan skipulagssvæðisins eru skilgreindar gönguleiðir, reiðleiðir ásamt reiðhjóla- og fjallahjólaleiðum skv. aðalskipulagi. Hér að neðan er fjallað um meginmarkmið fyrir þessar leiðir.

Gönguleiðir

- Lögð er áhersla á almenna útivist og að hún styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.
- Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum.

Reiðleiðir

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.

Reiðhjóla- og fjallahjólaleiðir

Mikilvægt er að skilgreina og byggja upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið og að þær styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

3.1.6 Hverfisvernd

Hluti þeirra svæða sem flokkast sem afþreyingar- og ferðamanna-svæði (AF2 og AF3) og opin svæði (OP3) eru á skilgreindu hverfisverndarsvæði sem birkikjarr og birkiskógar. Meðal ákvæða hverfisverndar er eftirfarandi:

- Innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt er að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.

3.1.7 Vatnsvernd

Eftirfarandi svæði er skilgreint sem vatnsverndarsvæði-brunnsvæði:

VB3: Hakið

- Vatnsból á Hakinu er þjónar byggingum á Þingvöllum.

Meðal markmiða fyrir vatnsvernd er eftirfarandi:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnu-
starfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Meðal leiða að markmiðunum eru eftirfarandi:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðis-
eftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðis-
eftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar
á grann- eða fjarsvæðum þeirra.


Skilgreind hafa verið grann- og fjarsvæði vatnsverndar umhverfis
brunnsvæði vatnsbólsins á Hakinu.

3.1.8 Fráveitumál

Í umfjöllun um fráveitu í aðalskipulagi segir m.a.:

*Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða
þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri
kröfur til hreinsibúnaðar.*

Þar segir einnig að gerð verði nánari grein fyrir hreinsivirkjum og
útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.





3.2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á aðalskipulagi sem felst í eftirfarandi:

- Verslunar- og þjónustusvæði Vþ2 fyrir þjónustumiðstöð lengist um 250 m til suðurs auk þess sem það stækkar austur fyrir Þingvallaveg, norðaustan við gatnamót nýs Kaldadalsvegar.
- Skilgreind eru tvö vatnsverndarsvæði-brunnsvæði norðan Þingvallavegar ásamt grann- og fjarsvæði umhverfis brunnsvæðin.
- Skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði með hringtækni fyrir lóðina Valhallastígur nyrðri 8 þar sem gert er ráð fyrir veitingastarfsemi.

3.3 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2024-2038

Landsskipulagsstefna 2024-2038 öðlaðist gildi 16.maí 2024, hér á eftir er umfjöllun úr landsskipulagsstefnu sem við á innan skipulagssvæðisins. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð landsskipulagsstefnu. Tillaga að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi landskipulagsstefnu.

3.3.1 Vernd umhverfis og náttúru

1. Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Þingvelli er að tryggja vernd náttúru- og menningarminjar svo að svæðið geti tekið á móti þeim gestum sem heimsækja vilja Þingvelli með lágmarks raski á þau svæði sem njóta verndar. Kortlögð eru þau svæði sem vert er að vernda og umferð beint eftir stígum og slóðum að svæðum sem geta tekið við aukinni umferð ferðamanna.

2. Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar og að frístunda- byggð verði almennt á afmörkuðum samfelldum svæðum sem skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar.

Mörkuð er stefna um núverandi frístundabyggð og frekari uppbygging frístundahúsa ekki heimilar á svæðinu. Uppbygging aðstöðuhúsa á svæðinu í tengslum við veiði og aðra nýtingu á svæðinu eru heimiluð með sérstökum skilmálum.

3. Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi miðar að skilgreiningu göngu- hjóla og reiðleiða um svæðið og að akstursleiðir til og frá svæðinu séu greiðar og skilvirkar. Gert er ráð fyrir því að unnt verði að nýta almenningssamgöngur til þess að heimsækja Þingvelli og að innviðir verði uppbyggðir við bifreiðastæði þar sem mögulegt verði að hlaða þær bifreiðar á svæðinu sem nýta raforku sem orkugjafa. Gert er ráð fyrir rafknúnum almenningssvagni sem ferðast um svæðið.

4. Skipulag í dreifbýli stuðli að því að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, m.a. með stefnu um verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs.

Birkiskógar dreifa sér með náttúrulegum hætti um svæðið auk annars lággróðurs og annarra plantna. Sett er stefna um að framandi trjátegundir verði fjarlægðar og unnið að styrkingu og endurheimtar náttúrulegs gróðurlendis.

3.3.2 Velsæld samfélags

1. Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.

Gert er ráð fyrir aukinni umferð gesta um svæðið og að þeir komist leiðar sinnar á greiðann og öruggan hátt. Sett er fram stefna um megin leiðir gangandi- og hjólandi vegfarenda um svæðið. Í stefnunni er gert ráð fyrir loftförum og flygildum og að þau trufli ekki upplifun gesta sem heimsækja staðinn. Gert er ráð fyrir rafknúnum almenningssvagni til að auka skilvirkni samgangna um svæðið.

2. Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.

Með aukinni umferð gesta er mikilvægt að tryggja öryggt drykkjarvatn og að fráveita geti annað þeim fjölda sem heimsækir staðinn. Gert er ráð fyrir uppbyggingu fráveitumannvirkja og vatnsverndar-svæðum í stefnu skipulagsins.


3.3.3 Samkeppnishæft atvinnulíf

1. Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.

Aukinn fjöldi gesta veldur auknu álagi á vatnsból og veitukerfi. Sett er fram stefna um sjálfbæra nýtingu vatns með skilgreiningu vatnsbóla og vatnsverndarsvæða svo að unnt sé að dreifa álagi og koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða.

2. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

Með skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæða utan viðkvæmra svæða er stuðlað að uppbyggingu atvinnulífs og stuðlað að vernd náttúru- og menningarmínja svæðisins.



Deiliskipulag, aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils (heildaruppdráttur). Staðfest 7. okt. 1999. Rautt X sýnir þann hluta deiliskipulagsins sem fellur úr gildi.



Deiliskipulag: Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils (aðkoma að Hakinu) með síðari breytingum. Deiliskipulag fyrir þetta svæði er fellt úr gildi.

3.4 DEILISKIPULAG

Í gildi eru tvær deiliskipulagsáætlanir innan þess svæðis sem fyrirhugað deiliskipulag nær til.

3.4.1 Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils

Í gildi er deiliskipulagið: Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils. Deiliskipulagið var samþykkt 7. október 1999 og öðlaðist gildi 3. nóvember 1999. Deiliskipulagið samanstendur af greinargerð ásamt uppdrætti sem nær yfir allt skipulagssvæðið og uppdrætti sem nær yfir gestastofuna á Hakinu og næsta nágrenni.

Í greinargerð og uppdrætti gildandi deiliskipulags er skipulagssvæðinu skipt upp í þrjú svæði:

1. Skipulag austan við Þingvallaveg
2. Bílastæði á Brúsastaðatúnum
3. Bílastæði á bökkum Hrutagilslækjar, ofan við Tæpastíg

Gerðar hafa verið fjórar breytingar á gildandi deiliskipulagi sem allar taka til svæðisins á Hakinu, m.a. vegna stækkunar gestastofu og fjölgunar bílastæða ásamt breyttu fyrirkomulagið þeirra.

Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á gildandi deiliskipulagi sem fellst í því að sá hluti deiliskipulagsins sem nær til svæðis austan við Þingvallaveg ásamt svæði sem nær til bílastæða á bökkum Hrutagilslækjar vestan Þingvallavegar er felldur úr gildi samhliða samþykkt þessa deiliskipulags en þeir skilmálar sem við eiga eru nýttir í deiliskipulagi þessu.

3.4.2 Valhallarplan og Þingplan

Í gildi er deiliskipulagið: Valhallarplan og Þingplan. Deiliskipulagið var samþykkt 12. september 2017. Deiliskipulagið samanstendur af greinargerð ásamt uppdrætti í mælikvarða 1:1000 sem nær yfir allt Valhallarplan annarsvegar og Þingplan hinsvegar.

Deiliskipulagið sem nær yfir tvö afmörkuð svæði, Valhallarplan annarsvegar og Þingplan hinsvegar, en um er að ræða núverandi bílastæði í þinghelginni. Markmiðið með deiliskipulaginu er að skapa betri aðstöðu fyrir ferðamenn með því að heimila að byggð verði ein salernisbygging við hvort núverandi bílastæða.

Deiliskipulag þetta er felld úr gildi en þeir skilmálar sem við eiga eru nýttir í deiliskipulagi þessu.



Deiliskipulag Valhallarplans, þetta deiliskipulag er felld úr gildi.



Deiliskipulag Þingplans, þetta deiliskipulag er felld úr gildi.



4. DEILISKIPULAG

Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna til Þingvalla er þörf á að bæta aðstöðu á svæðinu. Forsendur hvað varðar fjölda gesta til Þingvalla og aðstöðu sem móttaka þeirra krefst hefur gerbreyst undanfarin ár og m.a. vegna þess er nú talin þörf á að skipuleggja þau svæði þjóðgarðsins nánar þar sem álagið er mest.

Unnin hefur verið stefna Þingvallanefndar um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038. Stefnumörkunin er höfð að leiðarljósi í vinnu við deiliskipulag og verður deiliskipulagið í samræmi við stefnumörkunina og er nánari útfærsla á henni (sjá nánari upplýsingar um stefnumörkun í kafla 4.1). Skv. stefnu-mörkuninni er mikilvægt að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta. Höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbæru ástandi.

Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrirkomulag vegna, bílastæða, útivistar- og almenningsvæða, göngustíga og gangstétta ásamt mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar. Þá verður gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum

þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

MARKMIÐ MEÐ DEILISKIPULAGINU ER:

- Að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarminja Þingvalla
- Að bæta aðgengi að og um vesturhluta þjóðgarðsins og auka þjónustu við gesti hans

Lögð er áhersla á að samræmi skuli vera í frágangi almenningsrýma og á það jafnt við um yfirborðsefnin sem og útfærslur, lýsingu, merkingar og annað sem við kemur framkvæmdunum hverju sinni. Vanda skal alla hönnun og frágang þannig að yfirbragð verði með heildstæðu móti hvar sem er innan skipulagssvæðisins.

Til framtíðar er mögulegt að takmarka fjölda gesta sem geta komið til Þingvalla hverju sinni.

Eftir þesskemuraðhömlur verði settar á fjölda ferðamanna til Þingvalla er það til að vernda staðinn fyrir átroðningi ferðamanna og til að auka líkur á því að upplifun ferðamanna á staðnum verði ekki neikvæð vegna fjölmennis á svæðinu.



Séð yfir Hakið og Þingvallavatn.



Séð yfir Hakið og til norðurs að Ármannsfelli.

4.1 HAKIÐ

4.1.1 Gestastofa og aðkomusvæði ofan Almannaþjá

Á Hakinu er gestastofa þjóðgarðsins sem upphaflega var byggð árið 2002 en byggt var við hana árið 2018. Vestan við gestastofuna er salernisbygging og starfsmannahús. Framan við gestastofuna er aðkomutorg þaðan sem hægt er að ganga inn á útsýnispall og niður Almannaþjá.

Aðkoma akandi að svæðinu er um Káraastaðstíg sem tengist inn á Þingvallaveg. Vestan við aðkomutorg eru bílastæði fyrir nokkrar rútur auk stæða fyrir hreyfihamlaða, auk þess sem sleppisvæði fyrir rútur eru við aðkomutorg. Bílastæði fyrir almenning eru nokkru vestan við rúrustæðin, utan rimlahliðs og hraunhóla sem afmarka núverandi aðkomutorg og rúrustæði. Almenn bílastæði á svæðinu eru 285 bílastæði og þar af eru tvö fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð

fyrir tveimur salernisbyggingum við bílastæðið og var annað þeirra byggt árið 2020.

Eftirfarandi byggingar eru á svæðinu en skilmála fyrir breytingar, viðbyggingar eða endurbyggingar má sjá í kafla 5.2.

Gestastofa = 1.277,0 m², heimilt að byggja allt að 1.500 m² innan byggingarreits.

- Salernisbygging vestan gestastofu = 137,6 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits.
- Starfsmannahúss vestan gestastofu = 75,6 m², heimilt að byggja allt að 200 m² innan byggingarreits.
- Salernisbygging norðan almenns bílastæðis = 95,6 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits.

Frá bílastæðunum eru gönguleiðir að aðkomutorgi við gestastofuna. Þá er þjónustuleið frá rútustæðunum til norðurs að gestastofunni. Leiðin liggur norðan við núverandi starfsmannahús og salernisbyggingu, handan hraunhóla og er leiðin því í nokkru hvarfi og lítt sýnilega frá aðkomusvæðum og byggingum á Hakinu.

Frárennsli frá salernum, handlaugum og gólfum núverandi bygginga á Hakinu er leitt í hreinsivirki sem staðsett er norðvestan við salernisbyggingu, sjá nánar í kafla 4.10 um fráveitu.

4.1.2 Menningarhús

Gert er ráð fyrir menningarhúsi, þar sem m.a. verður veitingastaður og fundarstað Alþingis á Hakinu, sunnan Kárastaðastígs og ofan Hestagjár. Byggingin verður staðsett ofan við sprungur sem eru á svæðinu en á þessum stað er gott útsýni yfir Þingvallavatn og fjöll handan vatnsins. Bygging á þessum stað er ekki sýnileg frá þinghelginni og er staðsetning þessi í samræmi við niðurstöðu staðarvalsathugunar frá 2014.

Stærð lóðar fyrir menningarhús er 1.689 m², skilmála nýbygginga má sjá í kafla 6.

Aðkomusvæði og bílastæði verða á milli byggingar og Kárastaðastígs, á hluta þess svæðis sem bílastæði voru staðsett á Alþingishátíðinni árið 1974. Almenn bílastæði verða 56 og þar af eru tvö fyrir hreyfihamlaða.

Frá svæðinu er gert ráð fyrir gönguleið að brún Hestagjár þar sem gert er ráð fyrir útsýnispalli ásamt mögulegu aðgengi niður í Hestagjá (þrep). Frá útsýnispalli er gert ráð fyrir gönguleið til norðurs að gestastofu ofan Almannaagjár. Ofan í Hestagjá er gert ráð fyrir gönguleið til suðurs og norðurs sem tengist inn á núverandi stíg í Almannaagjá.





Staðsetning nýrrar þjónustumiðstöðvar við Þingvallaveg.

4.2 NÝ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VIÐ ÞINGVALLAVEG

Talin er þörf á nýrri þjónustumiðstöð á Þingvöllum til að taka við þeim fjölda ferðamanna sem gert er ráð fyrir að sækji Þingvelli heim til framtíðar. Með nýrri þjónustumiðstöð verða til tvö aðkomusvæði inn í þjóðgarðinn frá vestari barmi sigdældarinnar, en gert er ráð fyrir að uppbygging mannvirkja verði takmörkuð í sjálfri sigdældinni í stefn-mörkun þjóðgarðsins.

Gert er ráð fyrir að ný þjónustumiðstöð verði staðsett austan Þingvallavegar, um 200 m suðvestan við núverandi bílastæði við Þingvallaveg við enda Langastígs. Mögulegt er að þjónustumiðstöð verði í 2-3 bygg-ingum og byggð í áföngum.

Tvær lóðir eru skilgreindar fyrir byggingar þjónustumiðstöðvar og eru þær 2.107 m² og 1.062 m² að stærð. Skilmála bygginga má sjá í kafla 6.

Á milli þjónustumiðstöðvar og Þingvallavegar verður stórt almennt bílastæði fyrir um 300-350 bíla og 10-15 rútur. Stæði fyrir hreyfihamlaða verða a.m.k. fjögur. Gert er ráð fyrir einni aðkomuleið akandi frá Þingvallavegi og verður útfærsla gatnamóta unnin í samráði við Vegagerðina, þ.e. breikkun vegar, aðrein, vasar og eyjur. Á milli bílastæðis og Þingvallavegar er gert ráð fyrir möguleika á mönum og gróðri til að bílastæðin verði minna áberandi í landi og minna sýnileg frá Þingvallavegi.

Frá þjónustumiðstöðinni verður göngustígur til suðurs að hliðargjá sem liggur að Stekkjargjá, en um þessa hliðargjá er gert ráð fyrir nýjum stíg niður gjánna og að Stekkjargjá (sjá nánar í kafla 4.7). Þá er gert ráð fyrir stíg ofan brúnar Stekkjagjár, frá Langstíg til suðurs að nýjum stíg sem liggur að hliðargjá.



Staðsetning nýrrar þjónustumiðstöðvar við Þingvallaveg.



Hluti skipulagsupplýsingar sem nær yfir fyrirhugaða þjónustumiðstöð við Þingvallaveg.



Staðsetning nýrrar þjónustumiðstöðvar við nýjan Kaldadalsveg.

4.3 MIÐSTÖÐ VIÐ NÝJAN KALDADALSVEG

Gert er ráð fyrir miðstöð fyrir rekstraraðila (einkaaðila) sem eru með starfsemi í þjóðgarðinum við fyrirhuguð ný gatnamót Þingvallavegar og Kaldadalsvegar. Á þessum stað er gert ráð fyrir að verði starfsemi rekstraraðila sem eru að bjóða uppá þjónustu eða ferðir innan þjóðgarðsins en æskilegt er að slíkt starfsemi verði skilin frá almennri starfsemi þjóðgarðsins sem er á Hakinu og verður til framtíðar einnig í nýrri þjónustumiðstöð við Þingvallaveg.

Á svæðinu verða byggingar fyrir starfsemina ásamt bílastæðum fyrir um 250-300 bíla ásamt 10-15 rútustæðum. Stæði fyrir hreyfihamlaða verða a.m.k. fjögur.



Staðsetning nýrrar miðstöðvar við nýjan Kaldadalsveg.



Hluti skipulagsuppráttar sem nær yfir fyrirhugaða þjónustumiðstöð við nýjan Kaldadalsveg.

4.4 VALHALLARPLAN

Við Valhallarplan er salernisbygging vestan við núverandi bílastæði og við gönguleið sem liggur til vesturs að Almagnagjá. Á grasflatnum norðan bílastæðisins þar sem Hótel Valhöll stóð áður er gert ráð fyrir sviði og aðstöðu til að hafa viðburði. Gönguteningar eru að svæðinu úr vestri frá Almagnagjá. Göngustígur (Búðaslóðin) er þaðan til norðurs um minjasvæði sem tengist inn á núverandi stíg sem liggur frá Almagnagjá og yfir Öxará að þjónustuvegi að Þingvallakirkju. Vegna þessa stígs mun núverandi stígur með árbakkanum vestanverðum verða lagður af.

Valhallarplan er mjög stórt malbikað plan en ekki er gert ráð fyrir að þar verði almenn bílastæði áfram eins og nú er. Því er gert ráð fyrir að stæðið minnki og ystu hlutar stæðisins verði græddir upp. Áfram er gert ráð fyrir hringakstri um bílastæðið en að á svæðinu verði aðeins aðstaða fyrir rafstrætó til að sleppa og sækja farþega ásamt bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.

Stærð salernisbyggingar er 43,4 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits, sjá skilmála í kafla 5.2.

Norðan salernisbyggingar er gert ráð fyrir safntanki fráveitu, sjá nánar í kafla 4.10 um fráveitu.



Hluti skipulagsuppráttar sem nær yfir Valhallarplan og næsta nágrenni.



Séð yfir Valhallarplan og næsta nágrenni frá Hakinu.

4.5 ÞINGPLAN OG PLAN SUNNAN FURULUNDAR

Við Þingplan vestan Efrivallavegar er salernisbygging vestan við núverandi bílastæði og við gönguleið sem liggur frá Almannagjá í suðri og áfram til norðurs að Furulundi. Þingplan er nú nýtt sem almennt bílastæði en gert er ráð fyrir að stæðið verði til framtíðar aðeins nýtt sem stæði fyrir rútur til að skilja eftir eða sækja farþega í hópferðum. Stæðið mun því aðeins nýtast fyrir rútur sem munu stoppa í stutta stund á svæðinu.


Stærð salernisbyggingar er 95,6 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits, sjá skilmála í kafla 5.2.

Um 200 m norðan Þingplans og vestan Efrivallavegar er bílastæði sem nú er nýtt sem almennt bílastæði. Gert er ráð fyrir að stæðið verði til framtíðar aðeins fyrir rafstrætó til að sleppa og sækja farþega ásamt bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Frá svæðinu verða góðar gönguleiðir til suðurs auk gönguleiðar að nýjum trjatóppastíg í gegnum Furulund.

Sunnan bílastæðis er gert ráð fyrir safntanki fráveitu, sjá nánar í kafla 4.10 um fráveitu.



Hluti skipulagsuppráttar sem nær yfir Þingplan og plan sunnan Furulundar.



Hluti skipulagsuppráttar sem nær yfir Leirur og næsta nágrenni.



Séð yfir þjónustumiðstöðina að Leirum og til suðurs.

4.6 LEIRUR OG TJALDSVÆÐI

Vegna nýrrar þjónustumiðstöðvar er gert ráð fyrir að núverandi þjónustumiðstöð á Leirum verði að mestu nýtt til að þjónusta tjaldgesti ásamt því að byggingar á svæðinu verði nýttar sem starfsmannaaðstaða. Fjórar byggingar eru á svæðinu en gert er ráð fyrir þeim möguleika að byggja skemmu austan núverandi þjónustumiðstöðvar.

Stærð lóðar umhverfis byggingar að Leirum er 4.688 m².

Eftirfarandi byggingar eru á svæðinu en skilmála fyrir breytingar, viðbyggingar eða endurbyggingar má sjá í kafla 5.2.

- Þjónustumiðstöð = 305,7 m², heimilt að byggja allt að 350 m² innan byggingarreits.
- Starfsmannahúss = 139,2 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits.
- Geymsla = 123,6 m², heimilt að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits.
- Salernisbygging = 38,0 m², heimilt að byggja allt að 50 m² innan byggingarreits.

Aðal tjaldsvæði þjóðgarðsins verður eftir sem áður í nánd við Leirur, beggja megin þjóðvegur nr. 36. Á Leirunum skiptast tjaldsvæðin í fjóra hluta sem kallaðir eru Fagrabrekka, Syðri-Leirar, Hvannabrekka og Nyrðri-Leirar. Eingöngu tjöld eru heimil í Fögrubrekku og Hvannabrekku en gott rými og aðstaða er á Syðri- og Nyrðri-Leirum fyrir húsbíla og fellihýsi.

Tvær aðstöðu- og salernisbyggingar eru á tjaldsvæðunum sunna þjóðvegur nr. 36, sitt hvoru megin við Valhallaveg. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að byggja við eða endurbyggja núverandi aðstöðu- og salernisbyggingar innan byggingarreita, sjá skilmála í kafla 5.2.

4.7 BYGGÐ VIÐ BAKKA ÞINGVALLAVATNS

Þrjú hús sem standa ofan bakka Þingvallavatns syðst á skipulags-
svæðinu eru innan skipulagssvæðisins. Hús þessi eru á lóðum við
Valhallastíg nyrðri nr. 2, 4 og 8.

Hús á lóð nr. 4 er frístundahús í einkaeigu.

Hús á lóðum nr. 2 og 8 eru í eigu þjóðgarðsins og er hús á lóð nr. 2
nýtt sem sumarhús. Í húsi á lóð nr. 8 er gert ráð fyrir veitingastarf-
semi og er möguleiki á að byggja við núverandi hús til suðurs.

Nokkur bílastæði eru við veginn framan við húsið en gert er ráð fyrir
að meginþorri þeirra sem sækja veitingastaðinn heim komi þangað
gangandi eða verði ekið af þjónustuaðila frá almennum bílastæðum
innan þjóðgarðsins.

4.8 SILFRA

Núverandi aðstaða þjónustuaðila vegna köfunar í Silfru er á hringlaga
stæði norðan Valhallarvegjar. Staðsetning þjónustuaðila á þessum
stað þykir óheppileg m.a. með tilliti til ásýndar auk þess sem þörf er
á betri aðstöðu fyrir viðskiptavinum og þjónustuaðila.

Gert er ráð fyrir að megin aðstaða þjónustuaðila vegna köfunar í
Silfru flytjist í nýja miðstöð við fyrirhugaðan Kaldadalsveg. Þaðan er
gert ráð fyrir að viðskiptavinum sé ekið að lágmarksaðstöðu í nánd
við Silfru og þaðan sé gengið að niðurstigi og til baka aftur frá upp-
stigi úr Silfru.

Lágmarksaðstaða þessi verður staðsett á svæði vestan Vallavegar,
sunnan gatnamóta við Valhallarveg. Akstursleið verður frá Vallavegi
inn á bílastæði (langstæði) fyrir þjónustuaðila en austan bílastæðis
verður aðstöðuhús eða upphitað skýli sem felld verður inn í landið.



Ný aðstaða fyrir Silfru við Vallaveg.

Frá bílastæðinu verða stígtengingar að niðurstigi í Silfru annarsvegar
og uppstigi úr Silfru hinsvegar. Gangan frá uppstigi úr Silfru að bíla-
stæði mun með þessari nýju staðsetningu stytta úr 350 m í 220 m.
Inngrip við þessa framkvæmd er fremur lítið og aðstaðan lítt sýnileg
frá Haki og Þinghelginni.

Burðarþolsgreining Silfru hefur verið unnin af Elfu og því vitað hvað
svæðið þolir af ágangi.

4.9 SAMGÖNGUR


4.9.1 Aðkoma akandi umferðar

Megin aðkoma akandi umferðar að skipulagssvæðinu er um Þingvallaveg sem liggur í gegnum skipulagssvæðið. Frá honum liggur Kárastaðastígur að Hakinu og við Leirar liggur Vallavegur til suðurs inn í sigdældina og Kaldadalsvegur til norðurs. Efrivallavegi sem tengist Vallavegi verður lokað fyrir almenna bílaumferð á álags-tímum en akstur rúta verður heimil að Þingplani og akstur rafstrætó og hreyfihamlaðra verður heimil að bílastæði sunnan Furulundar. Frá Þingplani verður Efrivallavegur aðeins þjónustuvegur og göngu-leið að Þingvallakirkju og Þingvallabæ. Gatnamótum Vallavegar og Efrivallavegar verður breytt þannig að Vallavegur koma inn á Efrivalla-veg um T-gatnamót sunnan gatnamótanna.

Gert er ráð fyrir nýjum Kaldadalsvegi sem mun koma inn á Þingvallaveg um 400 m norðaustan við núverandi bílastæði við Þingvallaveg við enda Langastígs. Gert er ráð fyrir hringtorgi við ný gatnamót Þingvallavegar og Kaldadalsvegar til að auka umferðaröryggi og bæta umferðarflæði.

Veghelgunarsvæði Þingvallavegar og nýs Kaldadalsvegar (stofnvegir) er 30 m frá miðlínu til beggja hliða frá miðlínu en veghelgunarsvæði Kárastaðastígs, Vallavegar og Efrivallavegar (tengivegir) er 15 m til beggja hliða frá miðlínu.

Gert er ráð fyrir að hámarkshraði á Þingvallavegi verði tekin niður úr 90 km/klst. í 70 km/klst. við Öxará þegar ekið er til norðurs, um 250 m áður en komið er að nýrri þjónustumiðstöð. Hámarkshraði lækkar svo í 50 km/klst. við ný gatnamót við Kaldadalsveg og verður 50 km/klst. hámarkshraði á Þingvallavegi út fyrir skipulagssvæðið austan við Leirar. Hámarkshraði á Vallavegi verður 50 km/klst. en




Akstursleiðir og hámarkshraði vega skv. deiliskipulagi.

á Efrivallavegi og Kárastaðastíg verður hámarkshraði 30 km/klst. Valhallarvegur verður skilgreindur sem vistgata þar sem umferð gangandi hefur forgang fram yfir umferð akandi og að umferð akandi verði að hámarki 15 km/klst.

4.9.2 Rafstrætó

Gert er ráð fyrir að rafstrætó muni fara um skipulagssvæðið á 15-30 mín fresti frá um kl. 9-17 alla daga. Stoppistöðvar verða við Hakið, nýja þjónustumiðstöð við Þingvallaveg, nýja miðstöð við Kaldadalsveg, Leirur/tjaldsvæði, Furulund, Flosagjá og Valhallarplan. Með þessu geta gestir þjóðgarðsins sem koma á einkabílum lagt þeim við Hakið eða nýja þjónustumiðstöð og farið um þjóðarðinn með „hoppað á/af“ strætó sem stoppa á þessum stöðum.

Á mynd hér til hliðar má sjá stoppistöðvar fyrir rafstrætó og akstursferil rafstrætó.



Akstursleiðir og stoppistöðvar fyrir rafstrætó.

4.9.3 Bílastæði

Almenn bílastæði eru þegar á Hakinu en stæðin þar eru 285 og þar af eru tvö fyrir hreyfihamlaða. Vestan við aðkomutorg eru bílastæði fyrir rútur auk stæða fyrir hreyfihamlaða, auk þess sem sleppisvæði fyrir rútur eru við aðkomutorg.

Á milli fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar og Þingvallavegar er gert ráð fyrir bílastæði fyrir um 300-350 bíla (þar af eru fjögur fyrir hreyfihamlaða) auk stæða fyrir um 10-15 rútur.

Á milli fyrirhugaðrar miðstöðvar rekstraraðila (einkaaðila) og Kaldadalsvegar er gert ráð fyrir bílastæði fyrir um 250-300 bíla (þar af eru fjögur fyrir hreyfihamlaða) auk stæða fyrir um 10-15 rútur.

Við fyrirhugað menningarhús á Hakinu er gert ráð fyrir almennu bílastæði fyrir um 50 bíla, á hluta þess svæðis sem bílastæði voru staðsett á Alþingishátíðinni árið 1974. Þegar eru almenn bílastæði við tjaldsvæði í nánd við Leirar sem verða áfram til að þjónusta tjaldgesti.

Ekki er gert ráð fyrir fleiri almennum bílastæðum innan skipulagsvæðisins og munu því núverandi almenn bílastæði við Þingplan, Furulund, Valhallarplan auk bílastæðis við Þingvallaveg ofan Langstígs leggjast af.

Auk bílastæða fyrir hreyfihamlaða á almennum bílastæðum er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða á stæðum og stoppi-stöðvum fyrir rafstrætó við Valhallarplan og plan sunnan Furulundar. Á mynd hér til hliðar má sjá akstursleiðir fyrir almenna bílaumferð og almenn bílastæði.

Gert er ráð fyrir að rúrustæði verði á fjórum stöðum; við Hakið, við nýja þjónustumiðstöð við Þingvallaveg, við Þingplan og við nýja miðstöð rekstraraðila við Kaldadalsveg. Nú er algengt að farþegar

í rútum séu skildir eftir við Hakið þaðan sem farþegar ganga niður Almannagjá og eru sóttir aftur við Þingplan. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag þetta verði óbreytt en þó má gera ráð fyrir að stór hluti farþega muni ganga áfram frá Þingplani, upp nýju stígana í gegnum Furulund og hliðargjá og verða sóttir á bílastæði við fyrirhugaða þjónustumiðstöð við Þingvallaveg.

Á mynd hér til hliðar má sjá staðsetningu rúrustæða og mögulegar akstursleiðir rúta.

Öll bílastæði verða með föstu vökvaheldu yfirborði, með kantsteinum og niðurföllum sem tengd verða olúskiljum.


Við hönnum og merkingar bílastæða er leitast við að þau verði skilvirk og örugg.

Bílastæði eru sýnd á skipulagsuppráttum en útfærsla á þeim getur breyst við fullnaðarhönnun.


Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012.

4.9.4 Almenningsamgöngur

Almenningsamgöngur frá höfuðborgarsvæðinu eru ekki til Þingvalla en hvatt er til þess að þeim verði komið á. Ef til þess kemur að almenningsamgöngum verði komið á er mögulegt að biðstöðvar innan skipulagssvæðisins verði við þjónustumiðstöðvarnar tvær sem gert er ráð fyrir í nánd við Þingvallaveg.



Akstursleiðir fyrir almenna bílaumferð og almenn bílastæði.



Akstursleiðir og bílastæði fyrir rútur



4.10 GÖNGULEIÐIR OG ÁNINGARSTAÐIR

Núverandi aðal aðkomusvæði ferðmanna sem sækja Þingvelli heim er á Hakinu þar sem eru bílastæði og gestastofa Þjóðgarðsins ásamt aðkomutogi og útsýnisþöllum. Þaðan er megin göngustígur niður Almannaagjá og frá þeim aðalstíg liggja stígar að og um helstu megin svæði Þjóðgarðsins s.s. Valhallarplan og minjasvæði til norðurs, Þingvallabæ og Þingvallakirkju, Þingplan, Furulund og Öxarárfoss. Þá eru stígtengingar til norðurs að tjaldsvæði og þjónustumiðstöð að Leirum.

Aðalgöngustígur verður á milli núverandi gestastofu á Hakinu og fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar við Þingvallaveg. Núverandi stígur liggur niður Almannaagjá og áfram til norðurs framhjá Þingplani. Gert er ráð fyrir að aðalgöngustígurinn liggja áfram til norðurs í gegnum Furulund, þaðan upp á brún sigdældarinnar um hliðargjá og svo að nýrri þjónustumiðstöð (sjá nánar í undirköflum á næstu blaðsíðum). Aðalstígur þessi mun bera meginþunga umferðar um Þjóðgarðinn og verður hann 3,0 m breiður. Aðrir göngustígar eru 1-2 m að breidd.

Í flestum tilfellum er yfirborð stíga með þjöppuðum malarsalla eða timburdekki.

Frá þjónustumiðstöðinni verður einnig stígtenging til norðurs að núverandi stíg og útsýnispalli á brúninni við enda Langastígs. Þá er gert ráð fyrir gönguleið (með mögulegum útsýnisstöðum) ofan á brún Stekkjargjár frá Langastíg í norðri að nýjum stíg í niður gjá suðri. Frá Langastíg er gert ráð fyrir göngustíg til norðurs ofan Snókagjár sem liggur að fyrirhugaðri miðstöð við gatnamót Þingvallavegar og nýs Kaldsdalsvegar. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að gönguleið verði um undirgögn undir Þingvallaveg við gatnamótin.

Reið- og göngustígur (gömul þjóðleið) úr vestri þverar Þingvallaveg við bílastæði ofan Langstígs og liggur þaðan niður Langastíg um Stekkjargjá. Þaðan liggur stígurinn til austurs norðan Furulundar, þverar Efrivallarveg og Vallaveg og liggur þaðan áfram til austurs um Skógarkotsveg inn í Skógarkot.



Flæði meginhluta gangandi umferðar á milli Haksins og nýrrar þjónustu-miðstöðvar.



Séð frá Langastíg upp hliðargjá þar sem gert er ráð fyrir nýjum stíg.



Möguleg útfærsla á nýjum stíg um hliðargjá frá vestari barmi sigdældarinnar niður í þinghelgina.



Séð að ofan niður hliðargjá þar sem gert er ráð fyrir nýjum stíg.



Séð að ofan niður hliðargjá og möguleg útfærsla stígs.

4.10.1 Ný aðkomuleið frá nýrri þjónustumiðstöð niður í þinghelgina

Frá þjónustumiðstöðinni verður göngustígur til suðurs að hliðargjá sem liggur að Stekkjargjá, en um þessa hliðargjá er gert ráð fyrir nýjum stíg niður gjánna og að Langastíg.

Stígur um hliðargjáanna verður líklega með um 8% halla, stígurinn verður líklega á súlum ásamt því að vera festur í vegggi gjárinnar. Vegna fallhættu skulu handrið vera beggja megin á stígnum sem fer niður hliðargjáanna og skulu þau vera í samræmi við gr. 6.5.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frá þeim stað þar sem gjáin byrjar sunnan þjónustumiðstöðvar verður einnig stígtenging til norðurs ofan á brún Stekkjargjár að Langastíg en um miðja leið er einnig stígtenging til baka að þjónustumiðstöð.

4.10.2 Trjátoppastígur í gegnum Furulund

Þegar komið er niður að Langastíg í Stekkjargjá um nýjan stíg frá nýrri þjónustumiðstöð er gert ráð fyrir nýjum stíg til suðurs í gegnum Furulund. Þessi stígur verður í trjátoppahæð og mun hann enda sunnan Furulundar í nánd við fyrirhugað stæði fyrir rafstrætó og hreyfihamlaða. Trjátoppastígurinn verður með að hámarki 5% halla og því með aðgengi fyrir alla á grundvelli algildrar hönnunar.

Stígur í gegnum Furulund verður á súlum í allt að 6 m hæð yfir landi og því skulu handrið vera beggja megin á stígum vegna fallhættu og skulu handrið vera í samræmi við gr. 6.5.4 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.



Möguleg lega trjátoppastígs í gegnum Furulund.



Dæmi um útfærslu trjátoppastígs í Portó í Portúgal



4.10.3 Aðrir stígar

Gerterráð fyrir göngustíg meðfram Vallavegia austanverðum frá Leirum og tjaldsvæði að Efrivallavegi og áfram meðfram honum austanverðum að Þingplani.

4.10.4 Aðgengi fyrir alla

Aðgengi fyrir alla á grundvelli algildrar hönnunar (<5% halli) er að öllum stígtengdum svæðum á Þingvöllum. Stígur frá brún ofan sigdældarinnar og niður hliðargjá að Stekkjargjár verður með um 8% halla og því ekki með aðgengi fyrir alla á grundvelli algildrar hönnunar. Aftur á móti verður slíkt aðgengi um stíga að öllum stöðum ofan sigdældarinnar frá núverandi og fyrirhuguðum þjónustumiðstöðum og bílastæðum. Í Þinghelginni í sigdældinni er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða þrátt fyrir að ekki sé þar gert ráð fyrir almennum bílastæðum. Frá þessum bílastæðum er aðgengi fyrir alla að öllum stígtengdum stöðum í Þinghelginni, m.a. að Stekkjargjá og áningarstað neðan Öxarárfoss í gegnum svífandi stíg í gegnum Furulund sem verður með minna en 5% halla. Fyrirhugaður rafstrætó sem mun fara um skipulagssvæðið á 15-30 mín fresti og stoppa á völdum stöðum mun m.a. skapa gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða að völdum stöðum í Þjóðgarðinum.

4.11 GRÓÐUR

Gróðursetning innan skipulagssvæðisins skal eingöngu vera með íslenskum tegundum, aðallega birki. Taka skal tillit til minjastaða við gróðursetningu trjáa og halda a.m.k. 20 m fjarlægð frá minjastöðum. Sé gróður farinn að setja minjar í hættu er heimilt að fjarlægja hann. Einnig skal þess gætt að gróðursetja ekki niður undir ár- og vatnsbakka þar sem aðgengi almennings skal vera greitt meðfram vötnum og ám.

4.12 LÓÐIR

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdráttum og stærðir lóða skráðar. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

4.13 BYGGINGARREITUR

Á skipulagsuppdráttum eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

Í umsókn um byggingarleyfi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum byggingum innan byggingarreits og skal áhersla lögð á að samræma heildarmynd á öllu svæðinu.





4.14 VEITUR

Samráð skal haft við Bláskógabyggð, Rarik og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir.

4.14.1 Neysluvatn

Þegar eru nokkrar borholur fyrir neysluvatn innan skipulagssvæðisins og eru þær við Hakið, Valhallarplan, Silfru, Þingvallabæ, Þinglan og Leirar. Frá borholunum eru lagnir að byggingum í nánd við holurnar.

Gert er ráð fyrir 1-2 nýjum borholum fyrir neysluvatn norðan Þingvallavegar, utan þess svæðis sem deiliskipulagið nær til. Frá nýjum borholum verða lagðar lagnir að fyrirhuguðum þjónustumiðstöðvum í nánd við Þingvallaveg.

Gert er ráð fyrir að 5 m verndarsvæði eða brunnsvæði umhverfis borholunar ásamt grann- og fjarsvæðum vatnsverndar, en afmörkun þeirra svæða er utan marka deiliskipulagsins.

Neysluvatnsöflun verður í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og gert er ráð fyrir flokkun verndarsvæða umhverfis vatnsbólíð í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Skilmálar verndarsvæða umhverfis vatnsból má sjá hér að neðan og eru þeir í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

1. FLOKKUR. BRUNNSVÆÐI.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Væntanleg neysluvatnsborhola mun verða heilfóðruð niður fyrir grunnvatnsborð, sem áætlað er að sé á um 35 m dýpi. Gert er ráð fyrir að hún muni verja sig vel gagnvart mengun frá yfirborði. Ekki er talin þörf á nema lágmarksstærð brunnsvæðis eða 5 m frá holutoppi.

2. FLOKKUR. GRANNSVÆÐI.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar

byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæðismörk liggja frá borholu til norðausturs að barmi Almannagjár og síðan meðfram henni að Öxarárfossi. Þá upp með ánni allt að brú á Þjóðveginum og þaðan niður með Þjóðvegi allt að gönguleið og þaðan að holunni.

3. FLOKKUR. FJARSVÆÐI.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Fjarsvæði borholunnar tekur yfir allt vatnasvið Öxarár ofan við Öxarárfoss.



4.14.2 Hitaveita

Hitaveita er ekki innan skipulagssvæðisins og ekki eru uppi áætlanir um hitaveitu, en þó að ekki sé útilokað að hitaveitulögn verði lög að svæðinu til framtíðar.

4.14.3 Rafmagn

Rarik sér svæðinu fyrir rafmagni og liggja jarðstrengir þegar að Hakinu, Þingvallabæ og Valhallarplani auk þess sem jarðstrengur liggur að Leirum og þaðan til suðurs meðfram vegum að Þingplani. Gert er ráð fyrir að jarðstrengur verði lagður að fyrirhugaðri þjónustumiðstöð við Þingvallaveg en framkvæmd verður unnin í samvinnu við Rarik.

4.14.4 Fráveita

Frárennsli frá salernum, handlaugum og gólfum núverandi bygginga á Hakinu er leitt í hreinsivirki sem staðsett er norðvestan við salernisbyggingu.

Hreinsivirkið er í samræmi við reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.



Hreinsivirkid samanstendur af 6 plastþróum sem hver um sig tekur um 5.000 lítra og því samtals 30.000 lítra. Þar sem hreinsivirkid nær ekki fullum afköstum þá er öll hólfin tæmd reglulega eins og um safntank væri að ræða.

Við salernisbyggingar á Valhallarplani og Þingplani eru 30 þúsund lítra safntankar fráveitu sem eru tæmdir eftir þörfum. Við Leirar er þriggja þrepa rotþró og siturbeð í samræmi við þau lög sem voru í gildi þegar þau mannvirki sem eru á svæðinu voru byggð.

Safntankar og lagnir að og frá þeim skulu vera samkvæmt nýjustu tækni og skal búnaðurinn allur vera mengunarlaus með öllu. Aðgengi að safntönkum skal vera þannig að auðvelt er fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits.

Gert er ráð fyrir að frárennsli frá fyrirhuguðum byggingum s.s. þjónustumiðstöð við Þingvallaveg, miðstöð við Kaldadalsveg og menningarhús á Hakinu verði leitt í safntanka í nánd við bygging-arnar þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennslismál á svæðinu. Framtíðarlausn fráveitu verður líklega sú að byggð verður hreinsi-



stöð sunnan aðkomuvegar að Hakinu og verða fráveitulagnir frá byggingum á Hakinu, og nýrri þjónustumiðstöð við Þingvallaveg og nýrri miðstöð við Kaldadalsveg að hreinsistöðinni.

Ofanvatn frá bílastæðum verður meðhöndlað sérstaklega með það til gerðum lausnum þannig að engin hætta verði á röskun Þingvallavatns. Ofanvatn frá stæðum verður leitt í niðurföll og þaðan í olíuskiljur til að uppfylla kröfur í reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Öll fráveitukerfi skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp ásamt reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

4.15 LÝSING

Lýsing mannvirkja innan skipulagssvæðisins skal vera þannig hönnuð að hún valdi ekki óþægindum eða truflun. Velja skal lýsingu utanhúss sem er óbein og látlaus, allir ljósgjafar utanhúss skulu vera glýjufrír (ekki sýnilegur ljósgjafi úr fjarlægð) og vera þannig afskermaðir að ljósdreifing frá þeim beinist niður. Skilmálar þessir eiga einnig við um auglýsingaskilti.

4.16 VARÐVEISLA MINJA

Eins og tekið er fram í kafla 1.4 eru 347 minjastaðir skráðir á skipulagssvæðinu og af þeim eru 168 minjar sem voru skráðar eru friðlýstar. Minjastaðir þessir hafa verið staðsettir í deiliskráningu og má sjá staðsetningu þeirra á deiliskipulagsuppdráttum.

Fornleifaskráning var höfð til grundvallar í vinnu við deiliskipulag og reynt eins og kostur er að taka tillit til minjastaða þannig að minjar verði fyrir sem minnstu raski vegna framkvæmda.

Staðsetning gönguleiða, áningarstaða o.fl. er með það að markmiðið að minjastaðir verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmda, en jafnframt nýtast stígarnir til að miðla upplýsingum til gesta um minjar staðarins.

Mikilvægt er að framkvæmdir á þingvöllum verði í samráði við

Minjastofnun Íslands og með öllu er óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þá er minnt á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu, en þar segir:

„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minja-stofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“


4.17 JARÐSKJÁLFTAR

Varðandi hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum skal tekið tillit til gr. 8.1.4 í Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Evrópski forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum gildir um byggingu mannvirkja í Bláskógabyggð.

4.18 ÁFANGASKIPTING

Gert er ráð fyrir að áfangaskipting framkvæmda verið eftirfarandi:

1. Í fyrsta áfanga verður unnið að gerð bílastæða og hönnunnar og byggingar fyrstu mannvirkja við Tæpastíg við gatnamót Kaldadalsvegur og Þingvallavegur til að útbúa rými fyrir fasta aðstöðu vegna ferðaþjónustufyrirtækja innan þjóðgarðsins sem þurfa fasta aðstöðu t.d. vegna Silfru.
2. Jafnhliða verður við unnið við gerð bílastæða sunnan við Langastíg ásamt hönnun að göngustíga tengingu ofan við Stekkjargjá. Bygging salernishúss er fyrsta byggingarframkvæmd á þeim reit. Þjónustumiðstöð bíður frekari þarfagreiningar og rís í takt við fjölgun ferðamanna.
3. Hönnun og framkvæmd aðstöðuhúss við Silfru fyrir ferðaþjónustuaðila.
4. Hönnun og gerð menningarhúss við Hakið er meginlokaáfangi og stefnt að því að árið 2030 verði það mögulega tilbúið.





5. ALMENNIR SKILMÁLAR

5.1 ALMENNT

Hér er lýst almennum skilmálum fyrir þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

5.2 BREYTINGAR Á HÚSUM, VIÐBYGGINGAR OG ENDURBYGGINGAR

Almennt gildir að við allar breytingar á húsum, viðbyggingar og endurbyggingar skal samræmi vera við núverandi byggingar hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gert er ráð fyrir möguleika á endurbyggingu eða stækkun núverandi bygginga á skipulagssvæðinu. Ef um endurbyggingu er að ræða gilda upphaflegir skilmálar bygginga.

Minnt er á að húsin við Valahallastíg nyrðri 4 og 8 eru byggð fyrir 1940 og eru allar breytingar á þeim háðar álitni Minjastofnunar Íslands.

5.3 HÖNNUN OG UPPDRÆTTIR

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

5.4 MÆLIBLÖÐ

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreit húss, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allirmeginhlutarhússkulustandainnan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

5.5 BYGGINGAREFNI

Almennt skal leitast við að velja byggingarefni sem hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið og heilsu manna, hvort sem er við framleiðslu, notkun eða endanlega förgun viðkomandi efnis. Æskilegt er að velja byggingarefni sem hafa verið endurunnin, eru endurvinnanleg að loknum líftíma sínum og/eða hafa hlotið umhverfsvottun. Óheimilt er að nota byggingarefni sem geta haft í för með sér útskolun skaðlegra efna í vatn, svo sem þungmálma.

5.6 BYGGINGARLIST

Mannvirki skulu felld að landi með vönduðum hætti, með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni.

5.7 SORPGEYMSLUR OG SORPGÁMAR

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð nr. 112/2012, Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eða samkvæmt ákvæðum sem Bláskógabyggð setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

5.8 FRÁGANGUR LÓÐA

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð nr. 112/2012.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

5.9 YFIRBORÐSFRÁGANGUR

Fella skal allan frágang við stíga, áningarstaði, bílastæði og önnur mannvirki vel að landi og nota eftir fremsta megni efni af staðnum eða svæðinu til lagfæringa og aðlögunar, svo sem grjót og gróðurtorfur sem fer undir framkvæmdasvæði.

5.10 HÚSAVERND OG HVERFISVERND

Finnan skipulagssvæðisins eru tvö hús sem eru friðlýst en það eru Þingvallakirkja og Þingvallabær.

Í samræmi við niðurstöðu húsakönnunar er lagt til að þjónustuhús, starfsmannahús, skemma og snyrting á Leirum njóti verndar sem varðveisluverðar heildir: Samstæður húsa, götumyndir og heildir sem lagt er til að vernda vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Skilmála fyrir breytingar á húsum, viðbyggingar og endurbyggingar má sjá í kafla 5.2



6. SÉRÁKVÆÐI

6.1 ALMENNT

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær nýbyggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu. Nema annað sé tekið fram er staðsetning innan byggingarreits frjáls.

6.2 A - NÝ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VIÐ ÞINGVALLAVEG

Byggingarreitir eru tveir en innan þeirra er heimilt að reisa 1-3 byggingar þjónustumiðstöðvar. Byggingar skulu vera á einni hæð með gólfplatarmáli að hámarki 2.000 m².

Þakform er frjálst og heimil hámarkshæð bygginga er 5,5 m frá gólfkóta.

Heimilt er að hafa útsýnispall ofan á húsunum.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst

á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

Ytra byrði útveggja skal mála í möttum jarðlit(um) eða vera úr sjónsteypu eða gegnheilum möttum, jarðlituðum náttúrulegum efnum – tré, málmí eða sementsbundnum plötum.

Forða skal speglunaráhrifum stórra glerflata eins og kostur er.

Útlit bygginga og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi gestastofu á Hakinu hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gólfhæð bygginga skal fella að fyrirhuguðum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Staðsetning innan byggingarreita er frjáls.



6.3 B - NÝ MIÐSTÖÐ VIÐ NÝ GATNAMÓT ÞINGVALLA-VEGAR OG KALDADALSVEGAR

Byggingarreitir eru tveir en innan þeirra er heimilt að reisa 1-3 byggingar þjónustumiðstöðvar. Byggingar skulu vera á einni hæð með gólfflatarmáli að hámarki 1.500 m².

Þakform er frjálst og heimil hámarkshæð bygginga er 5,5 m frá gólfkóta.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

Útlit bygginga og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi gestastofu á Hakinu hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gólfhæð bygginga skal fella að fyrirhuguðum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Staðsetning innan byggingarreita er frjáls.

6.4 C - MENNINGARHÚS VIÐ HAKIÐ

Innan byggingarreits er heimilt að reisa menningarhús (þar sem m.a. verður fundarstaður Alþingis og veitingastaður) á einni hæð með gólfflatarmáli að hámarki 1.500 m².

Þakform er frjálst og heimil hámarkshæð bygginga er 5,5 m frá gólfkóta.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

Heimilt er að hafa útsýnispall ofan á húsinu.

Útlit bygginga og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi gestastofu á Hakinu hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gólfhæð byggingar skal fella að fyrirhuguðum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Staðsetning innan byggingarreita er frjáls.

6.5 D - SALERNISBYGGINGAR

Innan byggingarreits er heimilt að reisa salernisbyggingu ásamt starfsmannaaðstöðu á einni hæð með gólfplatarmáli að hámarki 100 m². Þakform er frjálst og skal hámarkshæð byggingar vera 4,5 m frá gólfkóta.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

Útlit salernisbyggingar og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi salernisbyggingar á Hakinu hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gólfhæð byggingar skal fella að fyrirhuguðum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

6.6 E – AÐSTÖÐUHÚS VIÐ SILFRU

Innan byggingarreits er heimilt að reisa aðstöðuhús ásamt starfsmannaaðstöðu á einni hæð með gólfplatarmáli að hámarki 150 m². Þakform er frjálst og heimil hámarkshæð bygginga er 5,5 m frá gólfkóta.

Þakfletir húsa skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Veggfletir byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum.

Útlit aðstöðuhúss og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi salernisbyggingar við Valhallarplan og Þingplan hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Gólfhæð byggingar skal fella að fyrirhuguðum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

6.7 F – AÐSTÖÐUHÚS VIÐ LEIRAR

Innan byggingarreits er heimilt að reisa aðstöðuhús á einni hæð með gólfplatarmáli að hámarki 150 m².

Þakform er frjálst og skal hámarkshæð byggingar vera 4,5 m frá gólfkóta.

Útlit aðstöðuhúss og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi byggingar við Leirar hvað varðar útlit, hæð og efnisval.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

6.8 G – VALHALLASTÍGUR NYRÐRI 8

Í núverandi húsi er gert ráð fyrir að verði veitingastarfsemi og er möguleiki á að byggja við núverandi hús til suðurs. Hámarksstærð viðbyggingar er 250 m².

Þar sem núverandi hús er byggt fyrir 1940 og eru allar breytingar háðar álit Minjastofnunar Íslands.

Útlit viðbyggingar og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi hús hvað varðar útlit, hæð og efnisval og til samræmis við álit Minjastofnunar Íslands.



7. UMHVERFISMAT

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. deiliskipulagi þessu eru líklegar til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 vegna liða 12.03 og 13.02 í 1. viðauka laganna. Áætlunin er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matskyldu áætlunarinnar.

12. FERÐAÞJÓNUSTA OG AFÞREYING

Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis.

13. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ A-B-C FRAMKVÆMDIR.

13.02. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Gestastofan á Hakinu flokkast sem þjónustumiðstöð í Þjóðgarðinum Þingvöllum. Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 2009, um matsskyldu varðandi stækkun á gestastofunni við Hakið, var sú framkvæmd ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, heilnæmu umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulags hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Í vinnu við deiliskipulag var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Í vinnu við deiliskipulag var haft samráð við Skipulagsstofnun en óskað var umsagnar stofnunarinnar um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.

7.1 AÐFERÐARFRÆÐI

Umhverfisáhrifin eru metin ut tra tyrirliggjandi gögnum og upplýsingum í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum frá Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslatafla.



Mögulegir staðsetningarmöguleikar nýrrar þjónustumiðstöðvar.

7.2 ÁHRIFAPÆTTIR

Með þessu hugtaki er átt við hvaða þættir deiliskipulags eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi áhrifapættir voru metnir til umhverfisáhrifa í vinnu við deiliskipulag, en nokkrar breytingar hafa orðið á áhrifapáttum frá því sem kom fram í skipulags- og matslýsingu vegna breyttra áherslna sem orðið hafa í vinnu við deiliskipulag:

- Ný þjónustumiðstöð þjóðgarðsins og aðgengi frá henni að þinghelginni
- Eftirfarandi framkvæmdir skv. deiliskipulagi:
 - » Nýtt menningarhús á Hakinu
 - » Ný aðstaða við Silfru
 - » Breytt fyrirkomulag umferðarflæðis innan skipulagssvæðisins

7.3 VALKOSTIR

Borin eru saman áhrif framkvæma skv. deiliskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar deiliskipulagsins, núll kost eða núverandi ástand. Þá eru sérstaklega rýndir staðsetningarmöguleikar fyrir nýja þjónustumiðstöð þjóðgarðsins.

Þeir staðsetningarmöguleikar sem voru skoðaðir sérstaklega eru eftirfarandi:

1. Við Þingvallaveg ofan Furulundar (valin tillaga)
2. Við gatnamót nýs Kaldadalsvegar og Þingvallavegar
3. Við tjaldsvæði sunnan við Leirar

Í umhverfisskýrslu er einnig fjallað um hvernig deiliskipulagið fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags og stefnumörkun þjóðgarðsins.

7.4 UMHVERFISÞÆTTIR

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat deiliskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í skipulagi.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu, en aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir verða fyrir áhrifum.

- Landslag og sjónræn áhrif
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Gróðurfar
- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Minjar
- Grunnvatn
- Ferðamennska

7.5 UMHVERFISVIÐMIÐ

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér. Eftirfarandi umhverfisviðmið eru lögð til grundvallar:

- Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

- » Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.
- » Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
 - » Markmið reglugerðar þessarar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum og að stuðla að almennri verndun vatns.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
 - » Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni. Samkvæmt grein 5.1 er mengun grunnvatns óheimil.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
 - » Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.
- Reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns
 - » Sérstaklega m.t.t. 4, 6, 9 og 15 gr. laganna.
- Lög nr. 85/2005 um Þingvallavatn og vatnasvið þess.

7.6 GREINING UMhverfisáhrifa

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
	Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.
	Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
1	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.
	Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta
?	Óþekkt áhrif á umhverfisþátt.
	Deiliskipulagið hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

7.7 ÁHRIFAMAT

7.7.1 Ný þjónustumiðstöð þjóðgarðsins og aðgengi frá henni að þinghelginni

Þeir staðsetningarmöguleikar sem voru skoðaðir sérstaklega eru metnir hér að neðan:

7.7.1.1 Við Þingvallaveg ofan Furulundar (valin tillaga)

Þjónustumiðstöð er staðsett austan Þingvallavegar, um 200 m suðvestan við núverandi bílastæði við Þingvallaveg við enda Langa-stígs. Frá þjónustumiðstöðinni verður göngustígur til suðurs að hliðargjá sem liggur að Stekkjargjá, en um þessa hliðargjá er gert ráð fyrir nýjum stíg niður gjánna og að Stekkjargjá. Stígur um hliðargjánna verður líklega með um 8% halla, stígurinn verður líklega á súlum ásamt því að vera festur í vegg gjárinnar.

Þegar komið er niður að Stekkjargjá er gert ráð fyrir nýjum stíg til suðurs í gegnum Furulund. Þessi stígur verður í trjátoppahæð og mun hann enda sunnan Furulundar.

Þessir nýju stígar niður í þinghelgina eru með aðgengi fyrir alla (<5% halli).

Vegalengd frá þjónustumiðstöðinni að þinghelginni er um 1 km.

LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Ekki er talið að þjónustumiðstöðin hafi veruleg neikvæð sjónræn áhrif þar sem skilmálar fyrir þjónustumiðstöðina eru þannig að byggingar falli vel inn í umhverfið auk þess sem bygging eða byggingar verða fremur lágreistar og ekki sýnilegar frá þinghelginni. Þá verða bílastæði á milli Þingvallavegar og þjónustumiðstöðvar í nokkru hvarfi frá þjóðvegi vegna jarðvegsmana og gróðurs sem gert er ráð fyrir á milli aðkomuleiða inn á bílastæðið.

Nýr stígur niður hliðargjá og nýr stígur í gegnum Furulund verða ekki mjög sýnilegir í landi nema frá takmörkuðum svæðum og því eru sjónræn áhrif þeirra ekki talin neikvæð. Þessi sjónrænu áhrif geta einnig talist jákvæð þar sem báðir stígarnir munu bjóða uppá spennandi sjónræna upplifun.

Áhrif stígana á landslag eru talið nokkuð neikvæð þar sem gjáin er ósnortin og ásýnd Furulundar mun breytast nokkuð.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Líklegt er að uppbygging þjónustumiðstöðvar hafi nokkur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið byggja upp og bæta aðstöðu á svæðinu. Þá má gera ráð fyrir að ný þjónustumiðstöð muni hafa jákvæði hagræn áhrif vegna beinna og afleiddra starfa sem skapast. Hagræn áhrif eru einnig mögulega neikvæð þar sem þjónustumiðstöð og ný aðkomuleið niður hliðargjá og í gegnum Furulund eru fremur kostnaðarsamar framkvæmdir.

GRÓÐURFAR

Gróðurfar á því svæði sem fer undir þjónustumiðstöð og bílastæði er fremur fábreytt og ekki frábrugðið gróðurfari á aðliggjandi svæðum. Gróður mun þó skerðast á fremur stóru svæði auk þess sem gróður í ósnortinni hliðargjá mun skerðast vegna stíg sem mun liggja um gjánna. Ekki er talið að gróður muni skerðast verulegavegnatrjatóppastígsí gegnum Furulund þó einvertré muni þurfa að víkja vegna stígsins. Áhrif á gróðurfar eru talin óveruleg eða neikvæð.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Röskun verður á hraunsvæðum og óbyggðu svæði vegna þjónustu-

miðstöðvar og bílastæða auk þess sem mikil röskun verður á hrauni vegna tilbúinnar gjár frá þjónustumiðstöð að hliðargjá. Þá verður veruleg röskun á hliðargjá Stekkjargjár þar sem gert er ráð fyrir nýjum stíg en gjáin er svo til ósnortin í dag. Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir eru því talin verulega neikvæð.

MINJAR

Engar minjar eru á því svæði þar sem þjónustumiðstöðin verður staðsett eða gönguleið frá henni niður hliðargjáanna. Í Stekkjargjá eru minjastaðir í nánd við núverandi stíg að Öxarárfossi en fyrirhugaður stígur sem þverar Stekkjargjá og fer svo í gegnum Furulund fer um minjasvæði. Skv. skilmálum er með öllu er óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands. Vegna þessa eru áhrif á minjar talin óljós.

GRUNNVATN

Fráveitumál eru fremur flókin innan skipulagssvæðisins þar sem svæði við Þingvallavatn eru viðkvæm m.t.t. mengunar fráveitu. Þar sem fráveitu frá þjónustumiðstöð verður veitt í safntanka sem verða losaðir reglulega (þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennslismál á svæðinu ofan sigdældarinnar) eru áhrif á grunnvatn talin óveruleg.

FERÐAMENNSKA

Ný þjónustumiðstöð og ný aðkomuleið niður í Þinghelgina er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn með tveimur aðkomusvæðum inn í þjóðgarðinn í stað aðeins eins aðkomusvæðis á Hakinu. Þá verður til aðalgöngustígur á milli gestastofu á Hakinu og nýrrar þjónustu-



miðstöðvar sem mun bera meginþunga gangandi umferðar um þjóðgarðinn. Með slíkri uppbyggingu má telja að Þingvellir verði enn frekar staður til að sækja heim til framtíðar. Jákvæð áhrif eru einnig talin vera þar sem gönguleið frá Þjónustumiðstöð niður í Þinghelgina verður mjög spennandi upplifun auk þess sem gangan er fremur stutt að Þinghelginni.

Heildaráhrif á ferðamennsku eru því talin jákvæð.

7.7.1.2 Við gatnamót nýs Kaldadalsvegjar og Þingvallavegar

Þjónustumiðstöð er staðsett austan Þingvallavegar, við fyrirhuguð ný gatnamót við Kaldadalsveg. Svæðið er um 400 norðaustan við núverandi bílastæði við Þingvallaveg við enda Langstígs.

Frá Þjónustumiðstöðinni verður göngustígur til suðvesturs að Langstíg sem liggur niður syðsta hluta Stekkjagjár. Núverandi stígur niður gjánna er erfiður yfirferðar (sérstaklega að vetri til) og þörf er á að setja t.d. handrið niður gjánna til að bæta aðgengi um hana. Ekki er gert ráð fyrir að stígurinn um gjánna verði með aðgengi fyrir alla, m.a. það sem um forna reiðleið og hleðslur er að ræða sem ekki er æskilegt að hrófla við.

Vegalengdin frá Þjónustumiðstöðinni að Þinghelginni er um 1.5 km.

LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Ekki er talið að Þjónustumiðstöðin hafi veruleg neikvæð sjónræn áhrif þar sem skilmálar fyrir Þjónustumiðstöðina eru þannig að byggingar falli vel inn í umhverfið auk þess sem byggingin eða byggingar verða fremur lágreistar. Þá verða bílastæði á milli Þingvallavegar og Þjónustumiðstöðvar í nokkru hvarfi frá Þjóðvegi vegna jarðvegsmana og gróðurs sem gert er ráð fyrir á milli aðkomuleiða inn á bílastæðið.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Líklegt er að uppbygging þjónustumiðstöðvar hafi nokkur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið er að byggja upp og bæta aðstöðu á svæðinu, auk þess sem staðsetning við gatnamót nýs Kaldadalsvegar þykir heppileg. Þá má gera ráð fyrir að ný þjónustumiðstöð muni hafa jákvæði hagræn áhrif vegna beinna og afleiddra starfa sem skapast.

GRÓÐURFAR

Gróðurfar á því svæði sem fer undir þjónustumiðstöð og bílastæði er fremur fábreytt og ekki frábrugðið gróðurfari á aðliggjandi svæðum. Áhrif á gróðurfar eru talin óveruleg.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Röskun verður á hraunsvæðum og óbyggðu svæði vegna þjónustumiðstöðvar og bílastæða. Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir eru því talin fremur neikvæð.

MINJAR

Engar minjar eru skráðar á svæðinu fyrir þjónustumiðstöð eða í nánd við gönguleið að Langastíg og því eru áhrif á minjar talin óveruleg.

GRUNNVATN

Fráveitumál eru fremur flókin innan skipulagssvæðisins þar sem svæði við Þingvallavatn eru viðkvæm m.t.t. mengunar fráveitu. Þar sem fráveitu frá þjónustumiðstöð verður veitt í safntanka sem verða losaðir reglulega (þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennslismál á svæðinu ofan sigdældarinnar) eru áhrif á grunnvatn talin óveruleg.

FERÐAMENNSKA

Ný þjónustumiðstöð er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn. Þar sem löng leið er frá þjónustumiðstöð að þinghelginni auk þess sem aðgengi er og verður erfitt niður Langastíg eru þessi jákvæðu áhrif talin fremur takmörkuð. Ekki verða því til tvær aðkomuleiðir með góðum göngutengingum á milli með þessari staðsetningu. Neikvæð áhrif eru einnig talin vera þar sem gönguleið frá þjónustumiðstöð verður ekki með aðgengi fyrir alla (<5% halli) auk þess sem gangan er fremur löng að þinghelginni. Heildaráhrif á ferðamennsku eru því talin óveruleg en þó einnig bæði jákvæð og neikvæð.

7.7.1.3 Við tjaldsvæði sunnan við Leirar

Þjónustumiðstöð er staðsett sunnan gatnamóta Þingvallavegar og Vallavegar, á mótis við núverandi þjónustumiðstöð á Leirum og við núverandi tjaldsvæði. Núverandi þjónustumiðstöð að Leirum norðan Þingvallavegar mun breytast í starfsmannaaðstöðu en eftir sem áður er gert ráð fyrir að tjaldsvæði verði á svæðinu umhverfis. Gert er ráð fyrir að ný þjónustumiðstöð muni einnig nýtast sem aðstaða fyrir tjaldsvæðið.

Frá svæðinu verður göngustígur til suðurs meðfram austanverðum Vallavegi og svo Efrivallavegi að núverandi stígakerfi að þinghelginni frá Furulundi.

Vegalengdin frá þjónustumiðstöðinni að þinghelginni er um 2,0 km.

LANDSLAG OG SJÓNÆRÆÐI ÁHRIF

Talið er að þjónustumiðstöðin og bílastæði við hana verði mjög sýnileg og áberandi þegar ekið er niður brekkuna á Þingvallavegi vestan Leira, þrátt fyrir að skilmálar séu að byggingar falli vel inn í umhverfið auk þess sem byggingin eða byggingar verða fremur lágreistar. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag eru því talin fremur neikvæð.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Líklegt er að uppbygging þjónustumiðstöðvar hafi nokkur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið byggja upp og bæta aðstöðu á svæðinu. Þá má gera ráð fyrir að ný þjónustu-miðstöð muni hafa jákvæði hagræn áhrif vegna beinna og afleiddra starfa sem skapast.

GRÓÐURFAR

Gróðurfar á því svæði sem fer undir þjónustumiðstöð og bílastæði er fremur fábreytt og ekki frábrugðið gróðurfari á aðliggjandi svæðum. Áhrif á gróðurfar eru talin óveruleg.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Röskun verður á hraunsvæðum og óbyggðu svæði vegna þjónustumiðstöðvar og bílastæða. Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir eru því talin fremur neikvæð.

MINJAR

Engar minjar eru skráðar á svæðinu fyrir þjónustumiðstöð og því eru áhrif á minjar talin óveruleg.

GRUNNVATN

Fráveitumál eru fremur flókin innan skipulagssvæðisins og sér í lagi í sigdældinni þar sem svæði við Þingvallavatn eru viðkvæm m.t.t. mengunar fráveitu. Ekki er önnur lausn talin raunhæf á þessu svæði en að hafa safntanka sem verða losaðir reglulega en slík lausn er kostnaðarsöm og óheppileg til framtíðar. Vegna þessa eru áhrif á grunnvatn talin fremur neikvæð.

FERÐAMENNSKA

Ný þjónustumiðstöð er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn. Þar sem mjög löng leið er frá þjónustumiðstöð að þinghelginni og Hakinu er ekki talið að meginþorri umferðar muni fara á milli þessara staða og að því leyti eru þessi jákvæðu áhrif talin takmörkuð, þrátt fyrir að leiðin verði með aðgengi fyrir alla (<5% halli).

Heildaráhrif á ferðamennsku eru því talin jákvæði eða óveruleg.

7.7.1.4 Niðurstaða samanburður á staðsetningarmöguleikum þjónustumiðstöðvar

Samantekt um umhverfisáhrif staðsetningarmöguleikum má sjá í töflu hér til hliðar.

Umhverfisþættir	Við Þingvallarveg ofan Furulundar (valin tillaga)	Við gatnamót nýs Kaldadalssvegar og Þingvallavegar	Við tjaldsvæði sunnan við Leirar
Landslag og sjónræn áhrif	+ 0 -	0	0 -
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+ -	+	+
Gróðurfar	0 -	0	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	-	0 -	0 -
Minjar	?	0	0
Grunnvatn	0	0	0 -
Ferðamennska	+	+ 0 -	+ 0
Niðurstaða	+ 0 -	+ 0 -	+ 0 -

Skýringar

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
- (?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt



7.7.2 Aðrar framkvæmdri skv. deiliskipulagi

Aðrar helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi sem metin eru til umhverfisáhrifa er metin hér að neðan, en það er nýtt menningarhús á Hakinu, ný aðstaða við Silfru og breytt fyrirkomulag innan skipulagssvæðisins.

Aðrar helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru nýjar gönguleiðir innan skipulagssvæðisins og ný gatnamót Kaldadalsvegjar. Ekki þótti ástæða til að meta þær framkvæmdir sérstaklega þar sem ekki er talið að umhverfisáhrif þeirra verði mikil.

7.7.2.1 Nýtt menningarhús á Hakinu

Gert er ráð fyrir nýju menningarhúsi (þar sem m.a. verður veitingastaður og fundarstaður Alþingis) á Hakinu sunnan Kárastaðastígs og ofan Hestagjár. Byggingin verður staðsett ofan við sprungur sem eru á svæðinu en á þessum stað er gott útsýni yfir Þingvallavatn og fjöll handan vatnsins.

LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Ekki er talið að menningarhúsið hafi neikvæð sjónræn áhrif þar sem skilmálar fyrir menningarhúsið eru þannig að byggingin falli vel inn í umhverfið auk þess sem byggingin verður fremur lágreist og ekki sýnileg frá þinghelginni. Byggingin er staðsett í nánd við núverandi mannvirkjasvæði á Hakinu og bílastæðin á röskuðu svæði þar sem áður voru bílastæði, því eru áhrif á landslag talin óveruleg.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Líklegt er að uppbygging menningarhúss hafi nokkur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið byggja upp og bæta aðstöðu á svæðinu m.a. fyrir almenning. Þá má gera ráð fyrir að menningarhús muni hafa jákvæði hagræn áhrif vegna beinna og afleiddra starfa sem skapast.

GRÓÐURFAR

Gróðurfar á því fremur smáa svæði sem fer undir menningarhús er fremur fábreytt og ekki frábrugðið gróðurfari á aðliggjandi svæðum. Þá er bílastæði staðsett á fremur gróðursnauðu svæði sem er þegar raskað vegna fyrri bílastæða. Áhrif á gróðurfar eru því talin óveruleg.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Röskun verður á hraunsvæðum og óbyggðu svæði vegna menningarhúss en þar sem svæðið er lítið og utan sprungusvæða er ekki talið að áhrif á jarðfræði eða jarðmyndanir verði veruleg.

MINJAR

Engar minjar eru skráðar á svæðinu fyrir þjónustumiðstöð eða í nánd við gönguleið að Langastíg og því eru áhrif á minjar talin óveruleg.

GRUNNVATN

Fráveitumál eru fremur flókin innan skipulagssvæðisins þar sem svæði við Þingvallavatn eru viðkvæm m.t.t. mengunar fráveitu. Þar sem fráveitu frá menningarhúsi verður veitt í safntanka sem verða losaðir reglulega (þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennismál á svæðinu ofan sigdældarinnar) eru áhrif á grunnvatn talin óveruleg.

FERÐAMENNSKA

Nýtt menningarhús er talið hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn á Hakinu.

SAMANBURÐUR VIÐ NÚVERANDI ÁSTAND

Áhrif núverandi ástands er talið óverulegt á alla umhverfisþætti. Samantekt um umhverfisáhrif nýs menningarhúss má sjá í töflu hér til hliðar.

Umhverfisþættir	Nýtt menningarhús á Hakinu	Núverandi ástand
Landslag og sjónræn áhrif	0	0
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+	0
Gróðurfar	0	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	0	0
Minjar	0	0
Grunnvatn	0	0
Ferðamennska	+	0
Niðurstaða	+ 0	0

Skýringar

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
- (?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt



7.7.2.2 Ný aðstaða við Silfru

Núverandi aðstaða þjónustuaðila vegna köfunar í Silfru er á hringlaga stæði norðan Valhallarvegur. Staðsetning þjónustuaðila á þessum stað þykir óheppileg m.a. með tilliti til ásýndar auk þess sem þörf er á betri aðstöðu fyrir viðskiptavinum og þjónustuaðila.

Gert er ráð fyrir megin aðstaða þjónustuaðila vegna köfunar í Silfru flytjist í nýja þjónustumiðstöð við Þingvallaveg. Þaðan er gert ráð fyrir að viðskiptavinum sé ekið að lágmarksaðstöðu í nánd við Silfru og þaðan verði gengið að niðurstigi og til baka aftur frá uppstigi úr Silfru.

Lágmarksaðstaða þessi verður staðsett á svæði vesta Vallavegar, sunnan gatnamóta við Valhallarveg. Akstursleið verður frá Vallavegi inn á bílastæði (langstæði) fyrir þjónustuaðila en austan bílastæðis verður aðstöðuhús eða upphitað skýli sem felld verður inn í landið. Frá bílastæðinu verða stígtengingar að niðurstigi í Silfru annarsvegar og uppstigi úr Silfru hinsvegar.

LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Inngrip við þessa framkvæmd nýrrar aðstöðu vil Silfru er fremur lítið og aðstaðan verður lítt sýnileg frá Haki og Þinghelginni. Vegna þessa eru sjónræn áhrif og áhrif á landslag talin óveruleg.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Líklegt er að uppbygging aðstöðu við Silfru auk aðstöðu sem þjónustuaðilar muni hafa í nýrri þjónustumiðstöð hafi nokkur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið byggja upp og bæta aðstöðu á svæðinu.

GRÓÐURFAR

Gróðurfar á því svæði sem fer undir nýja aðstöðu við Silfru er að mestu kjarri vaxið hraun og ekki frábrugðið gróðurfari á aðliggjandi svæðum. Gróður mun skerðast á fremur takmörkuðu svæði of því eru áhrif á gróðurfar talin óveruleg.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Óveruleg röskun verður á hraunsvæðum og óbyggðu svæði vegna nýrrar aðstöðu við Silfru. Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir eru því talin óveruleg.

MINJAR

Engar minjar eru skráðar á svæðinu fyrir nýja aðstöðu fyrir Silfru eða fyrirhugaða stíga að Silfru og því eru áhrif á minjar talin óveruleg.

GRUNNVATN

Fráveitumál eru fremur flókin innan skipulagssvæðisins þar sem svæði við Þingvallavatn eru viðkvæm m.t.t. mengunar fráveitu. Óveruleg fráveita verður frá nýrri aðstöðu við Silfru vegna smæðar hennar og sérhæfðrar ferðamennsku. Fráveitu verður veitt í safn-tanksem verður losaður reglulega og eru áhrif á grunnvatn talin óveruleg.

FERÐAMENNSKA

Ný aðstaða við Silfru er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku þar sem verið að er byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðamenn sem sækja Silfru heim.

SAMANBURÐUR VIÐ NÚVERANDI ÁSTAND

Áhrif núverandi ástands er talið óverulegt á alla umhverfispætti fyrir utan neikvæð sjónræn áhrif þar sem núverandi aðstaða er óskemmtileg og mjög sýnileg frá Hakinu. Þá eru áhrif á ferðamennsku talin fremur neikvæð vegna þeirrar takmökkuðu aðstöðu sem er nú við Silfru.

Samantekt um umhverfisáhrif staðsetningarmöguleikum má sjá í töflu hér til hiðar.

Umhverfispættir	Ný aðstaða við Silfru	Núverandi aðstaða við Silfru
Landslag og sjónræn áhrif	0	-
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+	0
Gróðurfar	0	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	0	0
Minjar	0	0
Grunnvatn	0	0
Ferðamennska	+	-
Niðurstaða	+ 0	0 -

Skýringar

- (+)** Jákvæð áhrif á umhverfispátt
- (0)** Óveruleg áhrif á umhverfispátt Skýringar
- (-)** Neikvæð áhrif á umhverfispátt
- (?)** Óþekkt áhrif á umhverfispátt



7.7.2.3 Breytt fyrirkomulag umferðarflæðis innan skipulags- svæðisins

Almenn bílastæði verða við Hakið og nýja þjónustumiðstöð en núverandi almenn bílastæði við Þingplan, Furulund, Valhallarplan auk bílastæðis við Þingvallaveg ofan Langstígs leggjast af. Aðalgöngustígur verður á milli núverandigestastofu á Hakinu og fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar við Þingvallaveg.

Efrivallavegi sem tengist Vallavegi verður lokað fyrir almenna bíla-umferð en akstur rúta verður heimill að Þingplani. Frá Þingplani verður Efrivallavegur aðeins þjónustuvegur og gönguleið að Þingvallakirkju og Þingvallabæ. Valhallarvegur verður að vistgötu.

Gert er ráð fyrir að rafstrætó muni fara um skipulagssvæðið en stoppi-
stöðvar skutlanna verða við Hakið, nýja þjónustumiðstöð, Leirur/
tjaldsvæði, Furulund, Flosagjá og Valhallarplan.

LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF

Jákvæð sjónræn áhrif eru talin nokkur við það að færa öll almenn bíla-
stæði úr þinghelginni en núverandi bílastæði við Þingplan, Furulund sér í lagi við Valhallarplan eru mjög sýnileg.

SAMFÉLAGSLEG OG HAGRÆN ÁHRIF

Samfélagsleg áhrif breytts fyrirkomulags umferðarfyrirkomulags eru talin jákvæð á þann hátt að rafskutlur koma í stað almennrar bíla-
umferðar um þinghelgina en minni bílaumferð þar hefur jákvæð áhrif á mengun. Minni bílaumferð um þinghelgina vegna lokunar Efrivallavegar og lokunar almennra bílastæða hefur einnig jákvæð áhrif á umferðaröryggi sem og að breyta Valhallarvegi í vistgötu.

GRÓÐURFAR

Áhrif breytts fyrirkomulags umferðarflæðis eru talin óveruleg á gróðurfar.

JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR

Áhrif breytts fyrirkomulags umferðarflæðis eru talin óveruleg á jarðfræði og jarðmyndanir.

MINJAR

Engar minjar eru skráðar á svæðum sem tengjast breyttu fyrirkomulagi umferðarflæðis og því eru áhrif á minjar talin óveruleg.

GRUNNVATN

Áhrif breytts fyrirkomulags umferðarflæðis eru talin jákvæð á þann hátt að minni líkur eru á mengunarslysum frá bílum þar sem Efrivalla-vegi er lokað og almenn bílastæði verða ekki í þinghelginni. Þess utan eru áhrifin talin óveruleg.

FERÐAMENNSKA

Áhrif breytts fyrirkomulags umferðarflæðis eru talin jákvæð á ferðamennsku því með því að koma upp rafskutlum sem ganga reglulega um þjóðgarðinn eykst þjónusta við ferðamenn sem um svæðið fara.

SAMANBURÐUR VIÐ NÚVERANDI ÁSTAND

Áhrif núverandi ástands er talið hafa nokkuð neikvæð sjónræn áhrif vegna sýnileika bílastæða, sér í lagi sýnileika bílastæðis við Valhallarplan frá Hakinu. Þá eru nokkur neikvæð samfélagsleg áhrif og áhrif á grunnvatn talin vegna mengunar og umferðaröryggis við núverandi ástand í þinghelginni. Þá eru áhrif núverandi ástands á ferðamennsku talin fremur neikvæð vegna skorts á ferðamátum fyrir ferðamenn innan þjóðgarðsins.

Áhrif á aðra umhverfispætti eru talin óveruleg.

Samantekt um umhverfisáhrif breytts fyrirkomulags umferðarflæðis má sjá í töflu hér til hliðar.

Umhverfispættir	Breytt fyrirkomulag umferðarflæðis	Núverandi fyrirkomulag umferðarflæðis
Landslag og sjónræn áhrif	0 -	0 -
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+	0 -
Gróðurfar	0	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	0	0
Minjar	0	0
Grunnvatn	0 -	0 -
Ferðamennska	+	0 -
Niðurstaða	+ 0	0 -

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt Skýringar

(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt

7.7.3 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif af völdum fyrirhugaðrar uppbyggingar skv. deiliskipulagi séu óveruleg eða jákvæð, en þó að einhverju leyti neikvæð.

Áhrif nýrrar þjónustumiðstöðvar, nýs menningarhúss, nýrrar aðstöðu við Silfru og breytts fyrirkomulags umferðarflæðis eru talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti.

Möguleg neikvæð áhrif eru vegna nýrrar aðkomuleiðar frá nýrri þjónustumiðstöð niður í þinghelgina. Neikvæð áhrif eru talin vera á landslag og gróðurfar (ósnortin gjá sem stígur fer um), jarðmyndanir (tilbúin gjá fyrir stíg) og hagræn (kostnaður). Jákvæð áhrif sömu framkvæmdar ásamt stíg í gegnum Furulund eru á ferðamennsku (ný spennandi aðkomuleið og aðgengi fyrir alla) auk þess sem sjónræn áhrif eru talin jákvæð. Áhrif framkvæmdarinnar eru talin óljós á minjar.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér til hliðar.

Umhverfisþættir	Ný þjónustumiðstöð og aðgengi að þinghelgi	Nýtt menningarhús á Hakinu	Ný aðstaða við Silfru	Breytt fyrirkomulag umferðarflæðis
Landslag og sjónræn áhrif	+ 0 -	0	0	+ 0
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+ -	+	+	+
Gróðurfar	0 -	0	0	0
Jarðfræði og jarðmyndanir	-	0	0	0
Minjar	?	0		
Grunnvatn	0	0	+ 0	+ 0
Ferðamennska	+	+	+	+
Niðurstaða	+ 0 -	+ 0	+ 0	+ 0

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt Skýringar

(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt

7.8 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

7.8.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Deiliskipulagið er í samræmi við Landsskipulagsstefna 2024-2038 og fellur m.a. að þeim markmiðum sem þar eru sett fram fyrir ferðaþjónustu sem eru m.a. að skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

7.8.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Deiliskipulagið í samræmi við gildandi Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 fellur að þeim markmiðum sem þar eru sett fram fyrir þjóðgarðinn.

Í gildandi aðalskipulagi er einnig m.a. gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á Hakinu, fjölgun gönguleiða og almennt að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og með því að fjölga atvinnutækifærum.

Í gildandi aðalskipulagi er einnig gert ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð við Þingvallaveg ofan sigdældarinnar. Óverulegt ósamræmi er varðandi staðsetningar þjónustumiðstöðvar sem er um 200 m utan þess svæðið sem skilgreint er sem svæði fyrir verslun- og þjónustu (fyrir þjónustumiðstöð) í gildandi aðalskipulagi. Þar sem gerð verður breyting á aðalskipulagi vegna þessa óverulegra ósamræmis má segja að deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi hvað varðar nýja þjónustumiðstöð.

7.8.3 Stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2018-2038

Deiliskipulagið í samræmi við stefnumörkun þjóðgarðsins og fellur að þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir mikinn fjölda gesta.

Í stefnumörkuninni er m.a. lögð áhersla á að halda mannvirkjagerð innan sigdældarinnar í lágmarki og beina mannvirkjagerði upp á vestari barm sigdældarinnar en það svæði er síður viðkvæmt með hliðsjón af náttúrufari og menningarminjum. Lágrest mannvirki á þessu svæði eru ekki sýnileg frá kjarnasvæði í sigdældinni. M.a. er gert ráð fyrir mannvirkjasvæði við Langastíg sem þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum. Frá mannvirkjasvæðinu er gert ráð fyrir göngutengingu um afgangi niður í Stekkjargjá.